




ÍSALP

ÁRSRIT ÍSLENSKA ALPAKLÚBBSINS
2007



Kæru félagar!

Pá er ársritið komið út aftur, og ekki nema ár liðið frá því það síðasta leit dagsins ljós. Við samsetningu þessa ársrits reyndum við í ritnefnd að blanda á hæfilegan hátt saman nýlegu efni og greinum frá liðnum tíum. Sem fyrr eru greinar og myndir eftir félaga í klúbbnum hryggsúlan í ritinu. Án þess frábæra efnis sem við fáum í hendurnar frá ykkur væri þetta ársrit heldur þunnur þrettándi. Annállinn er veigamikill þáttur á síðum ritsins eins og undanfarin ár. Eins og gefur að skilja er hann langt frá því að vera tæmandi enda hafa félagar í klúbbnum verið duglegir við að þeфа uppi ævintýrin undanfarin ár. Af einskærri hógværð láta margir undir hælinn leggjast að segja frá ferðum sínum. Er það einlæg ósk okkar í ritnefnd að sem flestir láti vita af ferðum sínum á næsta ári svo að annállinn megi gefa sem heildstæðasta mynd af afreku klúbbfélaga, bæði stórum og smáum.

Stór viðbót frá síðasta riti er sú að starfsemi klúbbins undanfarið eitt og hálft er gerð góð skil. Þó svo að það sé ekki alltaf augljóst hve mikið gengur á innan klúbbins verður að segjast eins og er að mikil stemming er innan raða klúbbfélaga þessa dagana. Ferðir, festivöl og aðrir viðburðir hafa verið vel sóttir og verða það vonandi áfram. Mesta lífið og vöxturinn er samt sem áður í félögumun sjálfum, okkur sem gerum fjöll og firnindi, snjó og ís að leikvelli okkar. Við sem sækjum í ævintýrin og upplifanir í íslenskri náttúru, við erum Ísalm. Höldum áfram að skapa okkur ævintýri og deilum þeim svo á meðal okkar.

F.h. ritnefndar

Skarphéðinn Halldórsson

Stjórn ÍSALP 2008

(stjorn@isalp.is)

Freyr Ingi Björnsson

freyr_ingi@hotmail.com

Björk Hauksdóttir

bjorkh@gmail.com

Skarphéðinn Halldórsson

skabbi@gmail.com

Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir

sveinborg@hotmail.com

Smári Stefánsson

smaristef@khi.is

Atli Jósefsson

atlijo@gmail.com

Bragi Freyr Gunnarsson

bragifreyr@gmail.com

ÍSLENSKIR
FJALLALEIÐSÖGUMENN ehf.
Kt.: 470696-2309 • S: 854-2259

Formaður
868-8203

Gjaldkeri
822 8913

Ritari
864-5834

695-7581

862-5614

695 3972

896 7979

Efnisyfirlit

Starfsemi Ísalm	4
Helstu viðburðir Ísalmi tiundaðir í máli og myndum	
Austfjarðavíkingurinn	10
Smásaga frá Ísklifurfestivali í Breiðdal 2008	
Ómeðvitað sólóklifur	16
Karl Ingólfsson segir frá ævintýralegri ísklifurferð á Austfjörðum	
Órion	20
Skarphéðinn upplifði „Kósíheit par excellance“ í þessum fræga ísfossi	
Ísleiðir fyrir byrjendur	24
Ivar og Skarphéðinn kynna fjórar klassískar ísleiðir næri Sóðómu	
Jopuno	28
Berglind og Arnar gerðu góðan túr til indversku Himalaya	
Drangaskörð	32
Katla og Tryggvi fetuðu fáfarnar drulluspíruslóðir á Ströndum	
Mera Peak	35
Freyr og Jón Heiðar Íjóstra upp leyndardómum Mera Peak	
Einn á göngu um Esjufjöll og Mávabyggðir	36
Olli segir frá einför sinni um Vatnajökul í 100-tinda leiðangrinum	
Vínales – klettaklifur á Kíbu	44
Björgvin draup á því besta sem Fidel hafði á boðstólnum	
Klifurguðinn er til	50
Guðjón Snær fór í fjölskylduklifur á paradísareynni Kalymnos	
Næsta stopp... Bugaboos	53
Freon segir frá þessa fræga klifursvæði í Kanada	
Innanhússklifur með stæl	56
Jón Viðar segir frá glæsilegri klifurhöll í Skotlandi	
Endurreisn Tindfjallaskála	60
Vinir Tindfjallaskála hyggjast endurbyggja flaggskip Ísalm	
Kaldakinn – leiðarvisir fyrir ísklifur	61
Langþráður leiðarvisir um þetta frábæra ísklifursvæði	
Annáll íslenskrar fjallamennum	68
Það markverðasta sem gerðist í íslenskri fjallamennum	
Ljósmyndasamkeppni Ísalm	77
Tveimur ljósmyndasamkeppnum klúbbins gerð skil	

ÚTGEFANDI

Íslenski Alþaklúbburinn
Súðarvogi 1G, 104 Reykjavík
(Pósthólf 1054, 121 Reykjavík)

RITNEFND

Sigurður Tómas Pórísson - 860 7467
Skarphéðinn Halldórsson (ábm.) - 864 5834
Róbert Halldórsson - 866 2235
Freyr Ingi Björnsson - 868 8754

FORSÍÐUMYND

Björgvin Hilmarsson fetað
sig upp ísinn í Myrahrynni
síðla dags í janúar

Mynd: Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

MARÍA DÖGG TRYGGVADÓTTIR

ER BOKARI Í ISLENSKU TRYGGINGA-FYRIRTÆKI, MARÍA ER EINNIG KLIFRARI OG LEIÐSÖGUMAÐUR SEM NÝTUR ÞESS AD TAKAST Á VIÐ NÁTTÚRUÖFLIN.

3JA LAGA JAKKI: BJÖRG CM-009

TECNOWOOL LÚFFUR: SONJA CM-312

WWW.CINTAMANI.IS





STARFSEMI ÍSALP

2007 - 2008

Útsýni til allra átta, hópurinn fetar sig niður af Þverártindsegg í júní 2008.

Mynd: Eiríkur Freyr Einarsson

Nýtt fólk tók við stjórn Ísalp á aðalfundi sem haldinn var í febrúar 2007. Freyr Ingi Björnsson tók við formennsku af Örlygi Steini Sigurjónssyni eftir æsispennandi atkvæðagreiðslu. Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir, Þorvaldur Þórsson, Smári Stefáns-son, Viðar Helgason, Skarphéðinn Halldórsson (ritari) og Águst Kristján Steinarsson (gjaldkeri) tóku jafnframt sæti í stjórn. Ljóst var frá upphafi að ný stjórn þyrfти að bretta upp ermarnar þar sem fjöldi viðburða var þegar á dagskrá.

Helgina 23.-25. febrúar var haldið ísklifurfestival í Kaldakinn við Skjálfanda. Festivalið var gríðarvel sótt, á fjórða tug klifrara frá ýmsum löndum sóttu viðburðinn sem gerir það að langfjölmennasta ísklifur festivali sem klúbburinn hefur haldið til þessa. Veður var með besta móti fyrir viðburð sem þennan og ís í mjög góðu ásígkomulagi. Sérstakir heiðurshestir á festivalinu var hópur erlendra klifrara sem samanstóð af þeim Albert Leichtfried, Markus Bender, Ines Papert og Audrey Gariepy auk ljósmyndarans Hermann Erber. Myndir og

greinar um Íslandsleiðangur þeirra hafa þegar birst í mörgum tímaritum og eflaust aukið hróður Kinnarinnar sem heimsklassa ísklifursvæðis. Í kjölfar festivalsins var hafist handa við að setja saman leiðarvísi af svæðinu. Afraksturinn má sjá aftar í blaðinu.

Árið 2007 voru 30 ár liðin frá stofnun Ísalp. Í tilefni þess var hinum heimskunna alpaklifrara Steve House boðið til landsins. Hélt hann stórglæsilega myndasýningu þann 12. mars fyrir meðlimi klúbb eins í sal FÍ. Við sama tækifæri var fyrsta stjórn klúbb eins sérstaklega heiðruð.

Til stóð að ganga á Skessuhorn á Skarðsheiði þann 11. mars 2007, nákvæmlega 30 árum eftir að fyrsta skipulagða ferð klúbb eins var farin þangað. Því miður varð að fresta ferðinni vegna veðurs. Farið var á Skessuhorn 14. apríl í staðinn, fimm þáttakendur náðu toppnum í „fjölbreyttu veðri“.

Telemarkfestivalið var haldið venju samkvæmt í Hlíðarfjalli helgina 16. – 18. mars. Telemark un-

ISALP



Myndarlegur flokkur skíðamanna og -kvenna á tindi Eyjafiallajökuls í apríl 2008.

Mynd: Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir

endur allra landshorna flykktust til Akureyrar og skíðuðu af miklum móð undir styrkri stjórn Böbba og Bassa.

I apríl var staddir hér á landi leiðangur frá bandaríksa útbúnaðarrisanum North Face. Í forsvari fyrir þann hóp var klifurskessan Abby Watkins. Hún hitti Ísalpara þann 20. apríl, sýndi myndir frá ferðum sínum og skellti sér svo út á lífið.

Pann 12. maí stóð Ísalp fyrir skíðaferð á Heklu. Hátt í 10 manns gengu á Heklu í blíðskaparveðri og renndu sér niður í prýðilegu vorfæri.

Banff kvíkmyndahátiðin var haldin á vegum klúbb eins dagana 15. og 16. maí. Í þetta sinn var hátiðin haldin í samstarfi við 66°Nr og var vel sótt. Bryddað var upp á þeiri nýbreytni að halda ljósmyndasamkeppni fyrir hátiðina með myndum frá liðnum vetrí. Fjallakofinn gaf verðlaun í keppnina og voru þau veitt í hléi fyrri sýningardaginn (sjá aftast í blaðinu).

Dagana 26.-28. maí (Hvítasunnuhelgina) var

haldið klettaklifurfestival á Hnappavöllum. Yfir 30 manns mættu á Vellina þratt fyrir tvísýna veður-spá. Veitt voru sérsök verðlaun fyrir flestar leiðir klifraðar á laugardeginum auk þess sem keppt var í hraðaklifi í Páskaliljunum. Klifurhúsið gaf verðlaun í þessum keppnisgreinum.

Stardalsdagurinn var haldinn þann 16. júní. 6 manns mættu upp í Stardal og klifruðu í kulda og strekkingsvindi. Brrr...

Stefnan var sett á Pumal þann 25. ágúst. Svo óheppilega vildi til að ein stærsta fjallaleit síðara ára fór fram sömu helgi þegar leitað var að tveimur þýskum ferðamönnum á Svínafellsjökli. Það fór því svo að einungis þrír félagar mættu í ferðina á Pumal. Gengið var úr Bæjarstaðarskógi að morgni laugardags í blíðviðri. Villur við uppgöngu ollu því hinsvegar að hópurinn komst ekki að dranganum fyrr en mun síðar en áætlað var. Því var afráðið að halda heldur niður aftur en að reyna að ná tindinum í myrkri.

Kynningarkvöld Ísalp var haldið með pompi og prakt þann 19. september. Talsverður fjöldi áhugasamra lagði leið sína í Klifurhúsið til að hlýða á sér reyndari menn segja frá ævintýrum og sýna myndir, á milli þess sem starfsemi klúbbsins og dagskrá vetrarins var kynnt. Sama kvöld leit nýtt ársrit loksns ljós eftir Pyrnirósarsvefn undanfarinna ára.

Laugardaginn 13. október kláraði „Hátindahöfðinginn“ Olli hið metnaðarfulla verkefni sitt með göngu á Heklu. Félögum í Ísalp var boðið að fylgja honum í þessari göngu. Nokkrir úr klúbbnum gengu honum til samlætis auk stórs hóps vina og velunnara.

Myndakvöld voru haldin í október og nóvember þar sem félagsmenn sýndu myndir af ís- og kletta-klifri liðins árs, og lengra aftur í tíman ef því var að skipta. Prýðileg mæting var á þessa viðburði.

Laugardaginn 24. nóvember var haldið party í Skútvoginum ásamt Klifurfelagi Reykjavíkur. Áður en gleðin hófst voru settar upp mix-klifurleiðir í Klifurhúsínu sem fólk gafst færí að spreytta sig á. Mæltist það vel fyrir og verður vonandi endurtekið næsta vetur. Eftir klifrið var svo djammað fram undir rauðan morgun.

Málefni Tindfjallaskála höfðu verið í deiglunni um talsverða hrið veturninn 2007. Ljóst var að ástand skálans var ekki lengur boðlegt og fara þyrti út í kostnaðarsamar endurbætur á honum til að forða frá skemmdum. Stjórn Ísalp hafði verið í viðræðum við Ferðafélag Íslands um hugsanlega yfirtöku á skálánum. Af því tilefni var boðað til opins félagafundar um málefni skálans í byrjun desember. Töluverður fjöldi eldri félaga mætti á fundinn og spunnust líflegar umræður um framtíð skálans og Ísalp reyndar líka.

Laugardaginn 15. desember var efnt til jóla-klifurs og -skíðunar á vegum klúbbsins. Klifrarar héldu inn í Eilífsdal á meðan skíðarar óku upp í Bláfjöll. Sex manns fylltu hvorn hóp. Nær hefði verið að víxla hópunum því snjóþungt var í Eilífsdal á meðan færð var glerhart í Bláfjöllum. Klifurhópurinn skemmti sér þó vel í sósialklifri í Einfaranum og skíðamenn æfðu tæknina á harðfenninu. Að lokum hittust allir í Skútvoginum þar sem glögg var bruggað og piparkökur bruddar fram eftir kvöldi.

Fyrsti viðburður 2008 var myndasýning Björgvins Hilmarsson. Sýndi hann myndir frá klifurferð til Viñales á Kúbu (sjá bls. 44).

Aðalfundur Ísalp var haldinn 20. febrúar. Auk



Gulli granít flexar brosið í Einfaranum, Björgvin starir á í forundran og Jón Loftur leggst á bæn. Úr jóla-klifri klúbbsins 2007.

Mynd: Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

hefðbundinna aðalfundarstarfa kynnti stjórnin tillögur sínar að lagabreytingum. Höfðu þessar tillögur verið kynntar með tveggja vikna fyrirvara og voru talsvert ræddar á spjallsíðunum. Þóttu tillögurnar ekki nágu vel unnar að mörgu leyti og var vísað aftur til stjórnar til frekari meðferðar. Mál-efni Tindfjallaskálans voru einnig í brennidepli. Stjórnin bar fram tillögu þess efnis að skálinn yrði afhentur FÍ gegn hálfri milljón króna. Talsverðar umræður spunnust aftur um skálann og gildi hans. Að lokum var tillagan felld og hópur manna bauð sig fram til að sinna viðgerðum og viðhaldi á skál-anum (sjá bls. 60). Í lok fundar gengu þeir Viðar Helgason, Þorvaldur Þórsson og Águst Kristján Steinarsson úr stjórn. Þeirra sæti tóku Atli Jósefsson, Bragi Freyr Gunnarsson og Björk Hauksdóttir, sem jafnframt var kosin gjaldkeri.

Ísklifurfestival var haldið í Breiðdal dagana 22.-24. febrúar. Tvísýnt var um ísaðstæður lengi vel en Einar Öræfingur fullvissaði þátttakendur um að margar leiðir væru enn í góðum aðstæðum þrátt fyrir undangengin hlýindi. Um 20 manns létu kylfu ráða kasti og brunuðu rúma 600km austur á land. Mikill ís reyndist vera á svæðinu og leiðir við allra hæfi. Gist var í veiðihúsi Breiðdalsár undir vökulu auga Súdda veiðivarðar. Lesa má um festivalið og svæðið á bls. 10.

Telemarkfestival var á sínum stað á Akureyri fystu helgina í mars. Fjöldi fólks tók þátt í hátíðinni og líklegast hafa um 40 þátttakendur verið í samhlíðasviginu. Sumir áttu erfiðara með að einbeita sér að keppninni en aðrir þar sem utanbrautarfærir var með eindæmum gott.

Sigurvegarar í samhlíða svigi voru Böbbi og Berglind Aðalsteinsdóttir. Kona mótsins var Magna Magnúsdóttir og maður mótsins var Óliver sem skíðaði með sálmabók í annarri og kross í hinni.

Margir mættu í skrautlegum búningum og má segja að telemarkarar hafi verið alls ráðandi í Hlíðarfjalli þessa helgi. Að sjálfsögðu var svo hátiðar-málsverður, verðlaunaafhending og dansleikur á einum af betri stöðum bæjarins á laugardagskvöld-inu. Eins og fyrri ár sáu norðanmennirnir Böbbi og Bassi um skipulagningu.

Pann 5. apríl stóð Ísalp fyrir ferð á Eyjafallajökul. Tveir tugir Ísalparar voru mættir á bílastæðið við Seljavallalaug snemma á laugardagsmorgni. Veðrið var eins og best verður á kosið, kannski of heitt og glampandi sól allan tíman, en þó nokkur vindur á toppnum. Uppgangan gekk vel og niðurferðin enn betur, enda fljótlegt þegar allir renna sér niður. Góður dagur á fjöllum.

Dagana 15. og 16. apríl var Banff kvíkmyndahá-tíðin á dagskrá. Að þessu sinni var Cintamani aðal styrktaraðili sýningarinnar, sem haldin var í Háskólabíói. Mjög góð mæting var á myndirnar báða dagana. Fyrri sýningardaginn var boðið upp á íslenska mynd um leiðangur nokkurra klúbb-félaga til Pakistan tveimur árum áður. Mæltist sú nýbreytni vel fyrir. Eins og árið áður voru verðlaun í ljósmyndasamkeppni klúbbsins afhent í hléi fyrri sýningardaginn.

Lagabreytingar voru aftur á dagskrá í byrjun júní. Þá lagði stjórn fyrir endurbættar lagabreyt-

ingatillögur. Tillögurnar voru kynntar á netinu og fundur haldinn. Þáttaka var dræm, enginn létt sjá sig utan stjórnar og fundarstjóra. Löggin voru því einróma samþykkt og töku gildi skömmu síðar. Þau má kynna sér á isalp.is.

Í júníbyrjun kom til landsins pólskur leiðangur sem verið hafði við fjallgöngur á Grænlandi. Meðal leiðangursmanna voru Marek Kaminski sem fyrstur manna gekk á báða pólana á einu ári og Leszek Cichy sem fór fyrstur Pólverja á hátindana sjö auk þess sem hann kleif fyrstur manna Everest um veturn. Í tilefni af komu þessara merkismanna sló Ísalp upp létttri grillveislu. Kjötvinnslan Kjötpól gaf pylsur á grillið og Pólverjarnir sýndu myndir úr leiðangri sínum. Fullt var út úr húsi og stemmingin góð.

Helgina 13.-15. júní stóð Ísalp fyrir ferð á þver-ártindsegg. Sjö Ísalparar gengu frá Felli í Suður-sveit, yfir Bríkurjökul og á Eggina. Allt í allt tók ferðin 14 tíma í glimrandi veðri og góðu útsýni.

Námskeiðahald Ísalp hefur undanfarin ár alfar-ið verið í höndum Íslenskra Fjallaleiðsögumanna. Námskeiðin hafa verið auglýst á heimasiðunni og hafa félagar í Ísalp fengið afslátt. Síðastliðið vor var einnig efnt til samstarfs við Klifurhúsið varðandi námskeið í klettaklifri. Hefur samstarfið við þessa aðila gengið vel í alla staði. ■

Glaðbeittur hópur í síðbúinni afmæli-
ferð Ísalp á Skessuhorn í Skarðsheiði.
Mynd: Skarphéðinn Halldórsson



1




Hrafnhildur Hannesdóttir

2



Guðmundur Freyr Jónsson

3




Arnar Þór Emilsson

4



Arnar Þór Emilsson

5



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

1 Háldán Ágústsson í gönguskíðaferð á Adventfjorden á Svalbarða með riffil að vopni, hvað annað?

2 Tindurinn Stöng í Berufirði, sem tiltöllega einfalt er að komast á með órlitlu brölti á vorin.

3 Sóláuprás að fjallabaki í gönguskíðaferð

4 Berglind, Emily og Demian í Skíðadal að nálgast toppinn á Syðstatind

5 Skuggabaldur á toppi Skessuhorns



Sigurður Tómas Þórsson

7



Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

8



Róbert Þór Haraldsson

9



Guðmundur Freyr Jónsson

6 NV-veggur Skessuhorns. Guðlaugur Ingi skröltir niður á flatt undir skinni mánans

7 Séð út Eilífsdal úr öðrum stansi í Þilinu (W15)

8 Svinafellsjökull séður frá Hrútsfjalli

9 Panorama skot úr Morsárdal, á leið á Miðfellstind, Miðfell í baksýn.

AUSTFJARÐA-VÍKINGURINN

Ísklifurfestival í Breiðdal

21.-24. febrúar 2008

eftir Sigurð Tómas Pórísson

Greinarhöfundur spekúlerar boltun á Drög að sjálfsmorði (M7) í Flögugili meðan Robbi góðir.

Mynd: Guðmundur Tómasson

Æ, mig auman! Nú koma nefndarstörfin illilega í bakraufina á mér. Parf það að lenda á mér að skrifa um ísfestival síðasta árs hafandi vannært skáldagyðjuna árum saman? Jæja, ég neyðist víst til að hysja upp um mig ritbrókina og þrykkja einhverjum línum á prent.

Grái fiðringurinn

Eitt er það sem allir ísklifarar sem vilja teljast trúir sportini eiga sameiginlegt en það er að fá fiðring í magann við fyrstu frost á haustin. Þegar líður á sumarið fer klettaklifurneistinn innra með mér að dvína og órar fara að láta á sér kræla um ókomin ævintýri með axir og brodda að vopni. Reyndar verð ég að viðurkenna að auk ómældrar tilhlökunar fela þessir órar einnig í sér umtalsverðan kvíða.

Ísklifur fyrir mér er nefnilega jafn mikil ævintýri og íþrótt. Tilsfinningin við að klifra fagurmótaðan ísfoss í góðum félagskap á fögrum vetrardegi á sér fáar líkar en það fæst ekki alltaf með sældinni. Ósjaldan hefur ævintýrið falið í sér kvöl, þjáningu og sálarangist.

Hvað fær mann eiginlega til að vakna fyrir allar aldir á fimbulköldum vetrarmorgni? Að maður skuli láta sér detta í hug að fara hálfsofinn úr hlýju rúminu til þess að standa í reiðgallanum á Sel-

ect að hita upp stífan kroppinn með uppleystum kaffibaunum. Hversu oft getur maður annars stig-ið beint út úr bílnum og byrjað að klifra? Hvergi nema í Óshlíðinni því yfirleitt felur aðkoman í sér brattar og leiðinlegar skriður og stundum 2-3 tíma þramm inn einhvern Satans dal úti í rassgati. Hver kannast ekki við nístandi naglakulið, sem fær hörð-ustu jaxla til að fella tár. Af hverju er alltaf svona helvítí kalt á stansinum og hvernig í ósköpunum getur félaginn verið svona lengi að klifra þessa fáu metra? Hver hefur ekki lent í því að vera kominn 10m uppfyrir tæpa skrifu, helpumpaður í kálfum og höndum hugsandi „af hverju í andskotanum stunda ég ekki bara sportklifur?“

En það er samt eitthvað sem drífur mann inn í veturinn, iðandi í skinninu eftir að upplifa einmitt þetta, því ísklifur er ótrúlega skemmtilegt og hér á Íslandi eru fjölmargir stórkostlegir staðir til að stunda þetta snilldarsport.

Breiðdalur

Einn af þessum stöðum var heimsóttur á síðasta ísklifurfestivali en það er Breiðdalur á sunnanverðum Austufjörðum. Breiðdalur er norðan við hinn djúpa Berufjörð og er inn af Breiðdalsvík, sem hefur eflaust í firndinni verið myndarlegur fjörður

en er núna s.s. bara vík. Við Breiðdalsvík stendur samnefnt kauptún og eru íbúar þar rúmlega 150. Breiðdalurinn sjálfur er 20-30km langur, viða hömrur girtur og hafa fjögur megin svæði verið fundin fyrir ísklifur og var klifrað á þremur þeirra á festivalinu.

Tröllhamrar ofan við bæinn Randversstaði. 50-100m langar leiðir, 10-20 talsins, 8 farnar nú þegar, frá WI3 upp í WI5, mest WI4-5. Aðkoma ca. 1klst.

Flögugil rétt innan við Fagradal, nokkra km. innan við Tröllhamra. Bratt gil með erfiðum mix- og ísleiðum en einnig nokkrum léttari í bland. 15-50m langar leiðir. Þar er pláss fyrir u.þ.b. 20 leiðir, tæplega 10 hafa nú þegar verið farnar. Fjórar boltaðar mixleiðir, frá M5 upp í M7. Aðkoma er 15-20mín.

Pálsklettar eru efst í dalnum á leið upp á Breiðdalshetið. Þar má finna 40-60m langar leiðir, 20-30 talsins. Um 10 farnar nú þegar, flestar kringum WI4/4+ en einhverjar erfiðari og einnig léttari. Aðkoma ca. 1klst.

Breiðdalsvík. Svæði ofan við Café Margrét rétt utan við bæinn. Ekki verið klifrað á þessu enn en efni í 5-10 leiðir hið minnsta. Snýr til suðurs og því líklega síður hentugt til klifurs þegar líður á vetrinn.

Breiðdalur býður einnig upp á fjölda alpaleiða á óteljandi toppa umhverfis dalinn og mikinn fjöldi stakra leiða víðsvegar í dalnum.

EKKI VEIT ÉG hvar þið ætlið að finna í til að klifra. Það er ekki frostarða á þessu svæði, en þið finnið eitthvað út úr því ...

Ætlum að keyra yfir Ísland

Eftir vinnu á fimmtudegi var lagt af stað frá Mal- arhöfðanum með troðfullan bíl af karlmennsku og járnabindingum ásamt digrum slatta af þolinmæði því von var á langri ökuferð. Eftir pólskan dreifbýlisbúrgar á Vík mætti fyrsta þolraunin okkur strax á Mýrdalssandi, blindhríð og hamingja og takmarkaðist hraði við 50km/klst lengi vel. Það rofaði þó til um síðir og gekk ferðin að mestu vel að Höfn en þá tóku við hálkublettir og hressileiki og hamlaði það að nokkru fyrirhuguðum ofsaakstri í Breiðdalinn.



Ungstirnið klöngrast upp klettinn í frumferðinni á Krókódílamanninum (M6) í Flögugili.

Mynd: Guðmundur Tómasson

Á leið inn Beruförðinn var stoppað stundarkorn til að góna upp í hrikalegan norðurvegg Búlandstinds, þau ósköp bíða enn frumferðarinnar. Fátt annað var að sjá í náttmyrkrinu en tunglsljósíð gaf þó smá glætu til að stara á einstaka íslínu á leiðinni. Ferðin tók eitthvað yfir áttu tímana.

Í Breiðdalnum var Skabbi búinn að redda voða flottu veiðihúsi fyrir hópinn. Ekki urðum við fyrir vonbrigðum með kofann því um var að ræða ca. 400m² glæsihýsi á bökkum Breiðdalsá. Þar eru 9 tveggja manna herbergi, öll með sturtu, salerni og sjónvarpi, gufubað og heitur pottur, risastór samvaxin stofa, borðstofa og koníaksstofa með eldstæði. Eldhúsið er ekkert slor heldur, 6m² ísskápur og aðstaða til að elda ofan í 20+ manns. Þess utan var sérstök þjónustuálma með gistiðstöðu fyrir ca. 10 manns: þjóna, kokka, leiðsögumenn og slíkt. Þótt ótrúlegt megi virðast þá voru hugmyndir um að stækka húsið enn frekar...

Herra þessa mikla seturs var enginn annar en hinn hálf-ameríski Súddi en hann er yfirleiðsögumaður í ánni á sumrin og sér um laxeldið og



Flögugil í Breiðdal. Hér er fjöldi ís- og mixklifurleiða við flestra hæfi. Mynd: Sigurður Tómas Þórisson

aðstöðuna yfir vetrarmánuðina. Hann var nokkuð ánægður með heimsóknina en fannst við heldur slakir við að taka til eftir okkur og var meira og minna alla helgina að tína til leirtau eftir okkur eða þvo aðra umferð í uppþvottavélinni því við kunnunum náttúrulega ekkert á þessar geimgræjur í eldhúsini. Við áttum víst að tæma vélina eftir hverja umferð en það viðum við ekki fyrr en við vorum búinir að drita lambamör yfir hálfstofustellið og skella því beint upp í skáp.

Við viðum ekki alveg hvernig aðstæður voru fyrir austan um þessar mundir. Öræfingurinn hafði verið á ferðinni þarna hálfum mánuði fyrr og séð fullt af ís. Súddi vinur vors og blóma var ekki alveg að kaupa það og mælti svo spaklega: „Ekki veit ég hvar þið ættið að finna ís til að klifra. Það er ekki frostarða á þessu svæði, en þið finnið eitthvað út úr því...“

Tröllasögur

Þar sem við komum seint í hús vöknudum við hæfilega snemma og vorum komnir af stað rétt um birtingu. Var stefnan tekin á kletta sem við töldum út frá kortum að hétu Tröllhamrar. Fóru samtals fjögur teymí að það svæði en Palli og Guðjón fóru beint

í Pálskletta ofar í dalnum. Gömlu mennirnir voru flottir á því, flugu á Egilsstaði um morguninn og leigðu sér bíl, voru samt byrjaðir að klifra skömmu á eftir okkur. Tröllhamrar reyndust tær smilld með mikil úrvall leiða frá WI3 upp í eitthvað slatta erfitt og voru samtals 6 nýjar leiðir farnar þennan dag. Guðjón og Palli fóru tvær nýjar leiðir í Pálsklettum og létu vel af. Mesta athygli þennan dag vakti ný grein á festivalinu, nefnilega 3km hjálmsreið með endaþarmsbruna og vann Trausti það með miklu yfirburðum enda eini þátttakandinn sem ekki

Einn bíll hafði verið pikkfestur úti í kanti og færð farið að þyngjast á veginum. Fenginn var jeppi uppeftir til að kippa skrifjóðnum á þurrt og reynt að tryggja að allir skiluðu sér ofan úr kletti áður en veður versnuðu enn frekar.

var á ólöglegum lyfjum. Einnig sætti furðu að einn fossinn í Tröllhömrum talaði tungum en þær raddir reyndust svo koma frá Skabba og Gulla að fá sér tesopsa í helli bakvið eitt haftið.



Hvað er eiginlega með ísklifur og græiu-fetish? Smári Stefánsson gaufar með græjur í veiðihúsinu góða.

Mynd: Guðmundur Tómasson

Von var á fleirum austur þessa helgina en einhverjar tafir urðu á afhendingu sumra. Geiri, Dóri, Bragi og Örvar lögðu af stað við fyrsta hanagal á föstudeginum en bíllinn þeirra bilaði nálægt Höfn og enduðu kumpánarnir á að bíða eftir viðgerð allan þann dag og komu ekki í Breiðdal fyrr en um nóttina. Þeir létu sér þó ekki leiðast heldur fundu prýðilegan þurrtolunarklett við höfnina og klifruðu berir að ofan í sólinni allan daginn, á meðan þorpsbúar störðu á eins og naut á nývirki. Áhugavert var að sjá skökk og skæld axarblöðin eftir þessi átök við testósterónið, varla nothæf til ísklifurs lengur.

Ungliðahreyfing HSSR vanmat eitthvað samskipnahæfileika sinna manna og tapaði algjörlega áttum í lok dags og endaði á að vera sótt í kolniðamyrkri kl. 10 um kvöldið eftir epískan seinni hálfleik, bara assgoti hressir samt.

Um kvöldið var stemmarinn góður, nokkur mjaðarfílát tæmdust yfir góðum klifursögum en allir þó snemma í bólið.

Óveðrið

Aftur skriðu menn framúr á hæfilega kristilegum tíma með sameiginlegum morgunmat. Nú lágu

flest vötn til Pálskletta og fór stærstur hluti hópsins þangað. Puðjón og Galli nenntu ekki þangað aftur og kláruðu eina af síðustu augljósu línum í Tröllhömrum. Ég, Robbi og Dúllarinn tókum land í gili þar sem Flöguá rennur niður en það gil er orðið heimsfrægt eftir að Ines Papert og Audrey Gariepy settu upp M10 mixleiðina Chocolat Chaud þarna veturinn áður. Mynd af Ines í leiðinni birtist á forsíðu Alpinist #22 og er hún líklega ein sú erfiðasta sem kona hefur frumfarið.

Gilið reyndist vera tær snilld með þokkalegu bergi og mögnuðum fossum, ýmist alveg frosum niður eða bara að hluta til. Við skoðuðum aðstæður, völdum mest spennandi línuna og drituðum boltum í hana fyrir hádegis. Það kom grábólvað snjókóf þegar leið á daginn en það plagaði okkur ekki stórlægá í gilinu enda skjól þar að mestu. Náðum við Robbi báðir að klára leiðina góðu og fékk hún nafnið „Drög að sjálfsmorði“ og gráðuna M7. Hafist var handa við að bolta aðra leið við hlið hennar en hún var ekki kláruð þennan daginn. Ágúst, Daði, Paljón og Guðli kíktu við í Flögugili í lok dags og reyndu sig við nýja „testpísið“.

Pálsklettarfarnir áttu ekki alveg jafn náðugan dag þrátt fyrir gríðargott klifur og einstaklega



Hluti Pálskletta í Breiðdal.

Mynd: Páll Sveinsson

félagslegan stemmara framan af degi þegar klifrað var samhliða- og sósíalklifur upp flestar línumnar í klettunum. Þegar leið á daginn fór verulega að bæta í vindinn og kófið og sá vart úr augum þegar síga tólk á seinni partinn. Einn bíll hafði verið pikkfestur úti í kanti og færð farið að þyngjast á veginum. Fenginn var jeppi uppeftir til að kippa skrjóðnum á burrt og reynt að tryggja að allir skiluðu sér ofan úr kletti áður en veður versnuðu enn frekar. Mikill ævintýradagur sem sagt.

Þegar upp var staðið var mesta afrek dagsins að allir skiluðu sér í hús. Tveir óharðnaðir felialeysingjar höfðu tekið of stórt upp í sig og dottið af baki (án slysa sem betur fer) en fyrst og fremst höfðu allir átt frábæran klifurdag þó veðrið hefði sett strik í reikninginn.

Eftir rökkur var elduð kynngimögnum kjötsúpa í boði Ísalp og var henni kyngt með góðri lyst yfir miði, myndasýningu og annarri skemmtan. Gufan og potturinn fengu svo að kenna á því þegar ölið tók völdin.

Saumaklúbburinn

Sunnudagurinn var tekinn hæfilega snemma því keyrslan heim var jú eftir og því ekki hægt að klifra nema fram á miðjan dag. Allir hóparnir völdu að klifra í Flögugilinu enda aðkoman þar styrt og viðfangsefni við allra hæfi á boðstólnum. Veðrið var frábært og gaman að hafa alla á sama blettinum. Pennan dag urðu til þrjár nýjar mixleiðir (M5-M6), fjölmargar ísleiðir (WI3-WI4+) og margir prófuðu mixleiðirnar í gilinu.

Hvar er Valli?

Eftir klifrið brunuðum við til Súdda í veiðihúsini, pökkuðum í skyndi og skröltum af stað í átt að Gómorru. Enn var nokkur hálka en ferðin gekk þó ágætlega. Í Berufirði sáum við nú betur hvernig landið lá enda enn dagsbirta. Þar eru endalausir möguleikar á ísklifri af öllum erfiðleikagráðum. Albert Leichtfried og Markus Bendler fóru þrjár leiðir í innsta klettabeltinu veturninn áður en að öðru leyti er þetta ósnortin ísklifurparadís sem býður eftir ævintýrum.

Annars var ferðin á Höfn tíðindalaus. Þar var gerð árangurslaus leit að bestu borgarabúllu austan Klausturs og sunnan Egilsstaða. Rangalar Hafnar leiddu okkur á einkar áhugaverða flatbökubúllu við höfnina og dugði hún ágætlega til að seðja svengdina. Ekki var þjónustan hröð og þaðan af síður kunni starfsmaðurinn samlagningu og deilingu og hef ég sterkan grun um að rekstrarstjóri búllunnar hafi ekki verið sérlega ánægður með framlegðina þetta kvöld.

Eftir smávægilegt klúður hjá undirrituðum með innistæðuna í eldsneytiskankinum komumst við án vandræða í borg óttans nokkuð eftir miðnætti og vorum fram í miðja viku að jafna okkur eftir túrin.

Ísklifurfestival Ísalp 2008 var ákaflega vel heppnað, jafnvel enn betur en í Kaldakinn árið áður, og held ég að allir hafi farið gríðarsáttir heim eftir frábæra helgi.

Skorum við á alla mæta menn og sérstaklega konur (það voru nefnilega engar konur á festivalinu í ár) að mæta á næsta festival, því þau eru ómissandi krydd í tilveruna. ■

Austfirska klifursaga frá síðustu öld

Ómeðvitað sólóklifur

Eftir Karl Ingólfsson

Í raun gengur fjallamennska út á það að meta aðstæður og í framhaldinu að taka ákvörðun um að gera eða gera ekki.

Það eru engin boð og bönn, bara þitt mat, þín reynsla og fjallið... – já og klifurfélaginn.

Fimmtu gráðu þorrablót (P5+)

Ég bjó á Héraði þennan veturni, síðla á tuttugustu öld. Ég fór austur eftir áramót og þratt fyrir að vera kominn á nýtt og gjöfult ísklifursvæði fór lítið fyrir brölti vegna skorts á klifurfélaga. Hér í dreifbýlinu var athæfi á borð við ísklifur einhverskonar birtingarmynd á firringu þéttbýlisbúans og ekki stundað af innfæddum.

Ég hafði sólóað einhverjar minniháttar þriðju-gráður og eftir að hafa skoðað sjálfan Hengifoss, hringdi ég í Tomma Júl og plataði hann austur. Hann var varla fyrr lentur á Egilsstaðaflugvelli þegar gerir þessa líka helvítis hláku. Auðvitað gengum við upp að brynjudum fossinum í birtingu daginn eftir en snérum frá. Við þessar aðstæður var einstefnumferð, aðeins ís á leiðinni niður en ekki þrílarar á leið upp.

Í sárabætur dró ég Tómas á al-austfirskt þorrablót þar sem pungum, magál og hákarli var ljúflega skolað niður með rammisílensku Brennivíni! Undir borðum voru flutt gamannmál og var eftirtektarvert að ekki þótti taka því að gera grín nema það bryti þokkalega í bága við meiðyrðalögjöfina. Heimamenn tóku okkur vel en einhverjur höfðu þó á orði að borðaman minn (Tómas) væri nú ekki mikið fyrir augað!

Dansað var sleitulaust til klukkan 3 en þá var eithvað farið að draga af hljómsveit og dönsurum og hófst þá borðhald að nýju og því næst var leikið og dansað til klukkan hálf sjö en þá var tímabært fyrir sveitavarginn að halda til mjalta. Við Tómas höfðum ætlað að tækla fimmtugráðu ísleið en fengum þó í sárabætur fimmtugráðu þorrablót (P5+).

Austmann

Skömmu seinna hitti ég „Austmann“ sem hafði gengið til mennta við Suðurgötuna og sagðist þar hafa forframast mjög í ísbarningi og nefndi klifurfélaga sem ég kann-aðist við. Helgina eftir héldum við til klifurs á Reyðarfirði. Jú, víst var útbúnaður Austmannsins grunsamlegur en hann var kjaftgleiður og eldhress, sól skein í heiði, nokkuð frost og loksns tækifæri á þokkalegu brölti.

Fyrir vali varð fall-egur foss í grunnu gili, neðsta haftið var ca 85° og 40m. Þar of-anvið tók við alllhár 70° flái og svo fallega kertaður foss, nokkuð lægri en upphafsfossi-nn. Austmanni þótti nokkur nýlunda að ég notaði tvær klifurlínur og ég kommentaði annarshugar um þægindi, þrímenning og niðursig. Ég batt mig í línurnar (50m), raðaði á mig skrúfunum og spurði Austmann hvort hann væri klár. Jú, hann var klár, og gaf út línur. Eitthvað þurfti ég að biðja um slaka þegar ég klippti inn í millitryggingar en slíkt getur verið eðlilegt þegar menn klifra saman í fyrsta skipti.

Þegar ég kem upp á brúnina í ca. 40m hæð og horfi upp all langan 70° fláa á milli lóðréttu haftanna, kalla ég niður til Austmanns að hann geti bara komið á eftir mér strax, á hlaupandi trygg-ingum, því þá nái ég að klifra vel til hliðar og setja inn megintryggingu í skjóli svo tryggjari þyrfti ekki að standa í íshríðinni frá þeim sem leiddi seinni hluta leiðarinnar.

Klifurlínan er
bæði raunveruleg
og táknað tenging
á milli klifurfélaga.
Þetta er sú tenging
sem ekki á að svíkja.

Þegar Simon Yates
skar Joe Simpson
úr línumni á Siula
Grande fór sagan
eins og eldur í sinu á
meðal fjallamanna og
reyndar viðar.

Léttur í taumi

Austmann virtist ekki skilja hvað ég ætti við en ég útskýrði þetta fyrir honum þar til hann hætti að hvá og þá hélt ég áfram. Stuttu seinna strekktist á línunni og ég ímyndaði mér að Austmann væri stopp við að taka út fyrstu ísskrúfuna. Hann virtist eitthvað vera að tauta en ég áttáði mig ekki á því hvað það var. Síðan komst einhver hreyfing á línuna og ég akvað að léttu undir með honum eins og ég gæti og klifraði hratt og strekkti vel á línunni og fann fyrir honum á hinum endanum. Ég hafði sett inn eina skrúfu í fláann og bætti nú við annarri.

Auðvitað er það tóm vitleysa að leiða á hlaupandi tryggingum með óþekktum félaga en þar sem klifrið var auðvelt, ísinn góður, ég 100kg en Austmann hálfgerður tittur -þá lét ég slag standa. Ég var örsnöggur að skella inn millitryggingu og klifraði af stað. Nú var enginn þungi á línunum og ég varð hálfhissa á því hvað strákurinn hafði náð að klifra hátt á meðan ég setti inn skrúfuna. Kannski hreinsaði hann ekki út tryggingarnar?

Ísinn var góður og ég fór hratt yfir þó að ég gætti þess að axirnar hefðu pottþétt hald. Ég var kominn í góðan stans, klippti sjálfum mér í axirnar og skellti inn tveimur hvassbrýndum skrúfum á mettíma og fór að taka inn slakann. Það var engin fyrirstaða á línunum og ég hugsaði með sjálfum mér að hann leyndi nú á sér þessi Austmaður þó svo að hann hefði kifrað óvarlega hátt.

Línurnar voru 50m og ég hafði bætt við einum 20m með bröltinu á hlaupandi tryggingunum. En það vara bara ekki einleikið hvað ég tók inn mikinn slaka.... Að mér læddist illur grunur - gat það verið? Ég skellti hnút á aðra línuna og klippti í beltið, halaði inn hina línuna án þess að taka hana í gegnum trygginguna. -Jú það passaði. Línan skoppaði yfir brúnina neðan fláans og það var ekki ekki svo mikil sem hnútur á endanum, hvað þá 60kg Austmaður. Ég dró hina línuna upp á sama hátt og þar var ástandið eins - enginn Austmaður.

Ískold uppgótvun

Ég verð að viðurkenna að þegar maður áttar sig á því að klifurfélagninn hefur hreinlega sleppt línunum, þá eru fyrstu viðbrögðin ofsareiði og eftir því þjóðlegur formælingaspuni. Hvurn andskotann á það eiginlega að þýða að sleppa línunni eftir 50m klifur og láta mann klifra 20m til viðbótar ótryggðan?



Teikning: Sírnir Einarsson

Auðvitað var þetta sjálfum mér að kenna. Slysavarnarfélagsfrömuðurinn „Austmann“ mætti í ísklifur með two aldraða júmmara í beltinu, ásamt miklu af fjólbláu teipi, nokkra hnykkla af appelsínugulum prússikböndum og ótrúlega spiegelgljáandi skrúfur... —En skít með það; - helvítio getur amk. haldið í línuna... — eða hvað?

Ég öskraði á helvítio en fékk bara eitthvað uml til baka. Ég hugsaði það í fullri alvöru að binda línurnar saman og síga niður til þess að drepa helvítio. Já, láta axirnar vaða niður í gegnum helvítis þöngulhausinn á honum. Það var ekki fyrr en ég áttáði mig að þetta væri það sem tveir ónefndir félagar míni myndu raunverulega gera, að ég tók mér tak og reyndi að hemja bræðina. Það komu líka einkennileg hljóð frá Austmann.

Ég seig þessa 70° brekku niður að lóðréttu kaflanum. Þar var Austmann að klifra línulaus í nokkra metra hæð.... - en hann var að klifra NIÐUR!

Skömmu síðar var hann kominn niður úr fossinum og einhverra hluta vegna þá var hann bálreiður. Ég var hættur öllum formælingum en af köllum Austmanns að dæma þá var hann alls ekkert sáttur við mig fyrir að „taka línurnar“!

Allt í einu kvíknaði ljós í mínum gamla glóðarhaus. Austmann hafði aldrei bundið sig í línurnar og þegar ekki var eftir meira af línu en einhver stubbur þá klifraði hann einfaldlega á eftir mér eins og ég bað hann um. Þegar ég svo dró línurnar útur áttunni/plötunni hjá honum þá varð honum illa brugðið að ég skildi við hann línulausan nokkra metra upp í veggnum.

Ég var ævareiður yfir þessari heimsku en varð að viðurkenna að ég hafði ekki gengið úr skugga um það að hann hafði bundið sig í línuna. En hafði ég einhverntíma aðgætt slíkt hjá mínum klifurfélögum? Nei líklega ekki, en ég hafði árum saman ekki klifrað með öðrum en vönum mönnum fyrir utan einhver kennsluverkefni.

Hvurn andskotann á það eiginlega að

þýða að sleppa línunni eftir 50m klifur og láta mann klifra 20m til viðbótar ótryggðan?!

Ég hugsaði það í fullri alvöru að binda línurnar saman og síga niður til þess að drepa helvítis. Já, láta axirnar vaða niður í gegnum helvítis þöngulhausinn á honum.

Þessi smáatriði

Það varð að ráði að ég klifraði aftur upp í stansinn (sjálfs er höndin hollust við tryggingar), batt línurnar saman og tryggði Austmann upp til míns. Austmann var æði þrekaður er upp var komið. Það var mikið farið að sljákka í mér þó svo að eitthvað gripi ég til íslenskunnar.

Ég sagði honum að taka næstu spönn sem hann samþykkti eftir að ég hafði hellt á hann heilum balla af fjallate. Ég var einhverra hluta vegna ekki ginkeyptur til að leiða aðra spönn í þessum félagsskap. Þarna kom í ljós að hann hafði aldrei leitt sjálfur áður og aldrei kynnst fjöлspannaklifri. Þetta átti ég að sjá strax en ég var bara svo ánægður með að fá hann að ég pældi ekkert í þessum „smáatriðum“.

Ég útskýrði fyrir honum ferlið við megintryggings og hann lofaði að tryggja mig sómasamlega. Ég verð þó að viðurkenna að ég kom á eftir honum með því hugarfari að ég væri að sólóklifra... ■



FJALLALEIÐSOGUMENN.IS



Spennandi ferðir innanlands og utan

Mont Blanc – Kilimanjaro – Cotopaxi – Jbel Toubkal

Hvannadalshnúkur – Hrútfjallstindar – Þverártindsegg

Upplýsingar og bókanir : www.fjallaleiðsogumenn.is

THE
NORTH
.FACE

THE NORTH FACE

- // Stærsta útvistarmerki í heimi
- // Sniðið að íslenskum aðstæðum
- // Fæst í miklu úrvali í Útilíf

Pú getur treyst North Face útvistarvörum.

Veðrið er aukaatriði, rétti búnaðurinn er aðalatriði og hann færðu hjá okkur.



Órion

*Kósíheit par excellance
eftir Skarphéðin Halldórsson*

Í staðinn fyrir golfkylfur fékk ég ísaxir í þrítugs-afmælisgjöf. Ég hafði verið að dúlla mér við klifur í nokkur ár á undan, fyrst sportklifur en fíkraði mig smám saman upp á skaftið. Nú var kominn tími til að stíga skrefið til fulls og gerast fullgildur meðlimur í þessum harðsvíraða hópi veðurbarinna karlpunga sem átu nagla og skitu keðjum.

„Afsakaðu allan þennan reyk inni,
ég var barað líta til með steikinni...“

Fyrsti klifurveturinn kom og fór. Á þeim tíma óx mér þor og þróttur, ég fiktaði meira að segja að eins við leiðslu án þess að bíða varanlegan skaða. Í einhverri ferðinni inn í Hvalfjörð benti Eiríkur Gíslason mér á leiðina Órion í Brynjudal. Taldi hann leiðina einhverja þá formfegurstu á landinu og sagði sögu af því þegar hann fékk að fylgja góðsogninni sjálfrí, Ívari Hardcore alla leið upp. Það fylgdi sögunni að Ívar hefði leitt báðar spannir enda þyrfti til þess eistu á stærð við strútsegg. Það heillaði óneitanlega að láta einhvern tímann toga mig þangað upp af mér betri klifrara.

Óbrotinn á sál og líkama eftir fyrsta veturinn taldi ég tímabært strax næsta haust að pakka fetlunum niðri skúffu, læsa henni og henda lyklinum. Það var alveg borðleggjandi, enda var því logið að mér að enginn ísklifrari með snefil af sjálfsvirðingu léti sjá sig með fetla á 21. öldinni.

Eftir að minn helsti klifurfelagi flutti af landi brott varð ég að leita á önnur mið. Ég ráfaði manna á milli eins og portkona komin af léttasta skeiði og endaði í örnum ymissa ógæfumanna. Þeirra á meðal voru Siggi Tommi og Robbi. Siggi var skuggalegur karakter á mínu reiki sem kallaði ekki allt ömmu sína, ekki einu sinni ömmu sína. Róbært aftur á móti bólugrafinn unglungur, vart búinn að slíta barnsbroddunum en þó hokinn af reynslu. Saman höfðu þeir félagar verið óstöðvandi í klifrinu undangengna vetur, grónir saman eins og gömul hjón.

„Hún er meyr og mjúk,
hún er eins og hugur manns“

Þennan vetur kom langt og gott kuldakast fyrir jól, svo gott að margar klassískar leiðir í nágrenni Reykjavíkur komust í aðstæður. Það fór óneitanlega um menn fiðringur þegar því var póstað á Ísalp vefinn að Órion væri kominn í bullandi aðstæður. Enda var ekki að spryja að því, kortéri eftir að pósturinn birtist fíkk ég hringingu frá Robba. Siggi Tommi kemst ekki út að leika á morgun, er ég til í að kíkja með honum á Órion í fyrramálið? „Uh, já“ svaraði ég, þar sem ég sat uppí hlýjum sóf-anum með bjór í hendinni. Fjarlægðin gerir fjöllin blá og ísleiðir aflíðandi. „Þetta verður ekkert mál“ hugsaði ég „massívur ís og Robbi hefur farið hann áður. Þetta verður snýting!“



Órion í öllu sínu veldi bennan örlagaríka sunnudagsmorgun.

Mynd: Róbært Halldórsson



Greinarhöfundur á góðri stundu, langt frá Robba og Órion.
Mynd: Guðlaugur Ingi

Daginn eftir stand ég undir Órion, illa sofinn með snert af þynnku, skjálfandi í hnijánum. Hvurn djöfulin er ég nú búinn að koma mér út í? Sem betur fer virðist ísinn vera sæmilega heillegur. Reyndar er hengja farin að myndast efst í leiðinni, en hún virðist ekki vera stór, allavega úr fjarlægð. Þar sem ég góni upp eftir leiðinni og fer í gegnum allar mögulegar afsakanir í hausnum á mér til að snúa við og hlaupa niðri bíl aftur segir Robbi. „Ég tók efri spönnina þegar ég fór þessa leið í fyrra. Er þér ekki sama þó að ég taki neðri spönnina núna?“ „Jújú“ svara ég, enda hef ég engan áhuga á að byrja daginn á leiðslu. Hann leggur af stað en sækist ferðin heldur seit. „Er ekki allt í lagi, kútur?“ kalla ég upp til hans. „Jújú, en þetta er samt eitthvað hálf-skrytið“ svarar hann. Fyrir rest kemst hann upp í stansinn sem er á flennistórrí syllu fyrir miðri leið. Ég legg af stað og kemst strax að því hvers vegna hann var svona lengi. Ísinn er viðbjóðsleg blanda af frauðkenndum ís og blautum snjó, plasteruðum yfir veikbyggða beinagrind af þunnum grýlukertum. Axir halda illa og því síður skrúfur. „Djöfull er ég feginn að vera í bandi“ hugsa ég þegar ég sniglast upp.

„Loksins er ég kominn hingað á þinn fund, finn svo gjörla að þetta er töfrastund...“

Uppi stansinum er Robbi búinn að koma sér huggulega fyrir. Hryllingurinn hefst fyrir alvöru þegar ég skríð upp á sylluna til hans. Ískaldir og blautir fingur fá þá loks að kenna á hlýju hjarta-blóðinu í fyrsta sinn síðan ég lagði af stað upp. Robbi getur ekki annað en snuíð sér undan þar



Gatið sem við gerðumst svo þaulkunnugir.
Mynd: Róbert Halldórsson

sem ég, fullorðinn maðurinn, stand við hliðina á honum og skæli eins og smástelpa. Þegar mestu ekkasogin eru um garð gengin get ég lokst sunn ið upp „Robbi, þetta var viðbjóður, ég er ekkert spenntur fyrir næstu spönn“. „Mjááááá...“ svarar hann eins og honum einum er lagið og smjattar á spöngunum, „Ég væri ekki heldur spenntur ef ég væri að fara að leiða þetta.“ Þar með er það útrætt, enginn afgangur. Í gegnum tárvot augu og frosið hor rennur það upp fyrir mér að í dag þarf ég að standa mína plikt, ekkert hálfkák. Eins og dæmdur maður týni ég á mig skrúfurnar, dreg djúpt andan og legg af stað.

Seinni spönnin er síst skárrí en sí fyrri. Eftir stutt þak á fyrstu metrunum er Robbi horfinn mér sjónum, enginn til að hugga mig. Ekki að það hafi verið mikil gagn í honum hvort eð er, helvítis fiflið að hafa ýtt mér út í þetta.

Klifrið er bratt og ísinn lélegur. Þegar ég hugsa um skrúfuna fyrir neðan mig sem hrингlaði í ísnum, horfi niður á milli lappanna á jörðina langt, langt fyrir neðan stífna ég upp af hræðslu og spenningi. Af hverju lét ég gabba mig út í að skilja fetlana eftir heima? Nú er komið að því að setja inn aðra skrúfu og kraftarnir á þrotum. Á meðan ég grufla við að pota skrúfunni inn á milli kerta skransar öxin sem ég held í til í frauðinu. Kaldur sviti sprettur fram og ég sé sæng mína útbreidda, svífandi niður í djúpið.

Fyrir einhverja guðsmildi finn ég kerti sem virðist ögn traustari en ruslið í kring og næ að koma stuttri skrúfu í það. Þegar hún er komin inn flýti ég mér að klippa löngum tvisti í hana, svo í beltið



Robbi eins og nýsleginn túskild-
ingur eftir endurfæðinguna.
Mynd: Skarphéðinn Halldórsson

og slakka svo mínum annars fiðurléttu skrokki yfir á skrúfuna. „Fjúff“ hugsa ég, „þetta á ekki eftir að halda blautum skít“. Set inn aðra skrúfu, klippi mér líka í hana og dingla svo þarna eins og ofþroskuð pera á meðan mátturinn kemur smám saman aftur í hendurnar.

Ég finn að Robbi er farinn að ókyrrast niðri í stansinum, bír því á jaxlinn og held áfram. Fimm metrum ofar þarf ég að endurtaka leikinn, aftur set ég inn tvær skrúfur á meðan ég hvíli og safna kjarki. Pönkast svo upp síðustu metrana í bratta kaflanum með hjartað í buxunum.

Það versta er yfirlæðið. Fyrir einskæra heppni finn ég svellþykkan ísbunka sem ég set langa skrúfu í, upp frá henni get ég klárað brattasta partinn. Brattinn verður minni en ísinn enn verri. Reyndar hættir ísinn yfir höfuð að vera til staðar í neinu marki, aðeins snjór ofaná krappa sem vonlaust er að festa skrúfur í. Ég kemst upp undir hengjuna sem virtist svo lítil úr fjarska. Eitthvað hefur hún stækkað síðan við stóðum niðri í morgun.

**„En mest er nú gaman aha,
að við skulum vera saman, aha“**

Nú eru góð ráð dýr. Það er óralangt orðið í skrúfuna fyrir neðan mig, svo langt að ég legg ekki í neinar hundakúnstir við að komast upp á hengjuna. Og ekki ætla ég að snúa við eftir allt púlið við að komast hingað upp. Eina ráðið í stöðunni er að brjóta niður hengjuna. Mikið óskaplega eru þessar skaraxir aum

verkfæri þegar kemur að mokstri. Ég fnæsi og blaðs á meðan ég bisa við að kýla öxunum upp í hengjuna en verkinu miðar hægt. Yst er hengjan stór og breið og slútir vel yfir sig. Eftir því sem ég pota og pjakka upp í hengjuna fer ég smám saman að sjá ljósið. Mér virðist nauðugur einn kostur að bora mér í gegnum helvítis hengjuna. Smám saman færst ég ofar og sárin undan öxunum í snjónum taka að lýsast upp. Að lokum næg að koma hönd upp í gegnum snjóinn. Ég tek af mér bakpokann og treð honum upp í gegnum gatið á undan mér. Því næst smokra ég mér upp eins og ánamaðkur. Í huganum spila ég myndir ef hengjunni á hraðri niðurleið með mig innanborðs.

Tilfinningin við að komast heill uppúr holunni er gjörsamlega ólysánleg. „Þvílk hetja sem ég er“ hugsa ég þegar ég ligg úrvinda í snjónum „Aldrei hætta!“

Robbi er fljótur að elta, en þarf þó að stoppa lengi til að ná út öllum skrúfunum úr „hvíldarstönsunum“ mínum. „Til hamingju með þessa leiðslu“ segir hann þegar hann stingur hausnum upp úr kanínuholunni „en djöfull dritaðirðu inn af skrúfum!“

Niðurferðin í myrkrinu reyndist ævintýri út af fyrir sig. Næstu nætur dreymdi mig aftur og aftur að ég stæði langt fyrir ofan skrúfu og horfði niður á hyldýpið milli lappanna á meðan axirnar runnu til á milli kertanna. Kósýheit par excellance! ■

HILUX

ADVENTURE



8.3 l Á HUNDRAÐI*

33" breyting

285/75/16 Mastercraft Courser heilsárs-dekk. 16" álfelgur, 8" breiðar. Klippt inn í yfirbyggingu, úr brettum og gangbretti að framan. Nýjar aurhlífar að framan. Hækkun um 4 cm að framan.

Losanlegt prófil dráttarbeisli

Fyrir dráttarkúlu, spilfestingu, drullutjakk og fleira. Hægt að kaupa beisli til að síkka kúlu. Dráttargeta 2.250 kíló. Viðurkennt og staðlað beisli. Skráning fylgir.

Filmur

Skyggðar filmur í afturrúður gefa Hilux sportlegt útlit.

Double Cab 3.0 lítra vél

Láttu reyna á'ann

:-) framan í heiminn

ISLENSKÍA SÍLÍD TOYOTA 17/08



Hilux Adventure

Nú færðu Hilux Adventure með veglegum aukahlutapakka. Hilux Adventure kemur með 33" breytingu, losanlegu prófil dráttarbeisli og filmum í rúðum.

Jafnt sem fjallkóngur, vinnuþjarkur og borgarbarn hefur Hilux sannað gildi sitt við íslenskar aðstæður.

Láttu reyna á'ann.

TODAY TOMORROW **TOYOTA**



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanessbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

* Í blönduðum akstri.
Viðmiðunartölur framleiðanda
miðað við óbreyttan Hilux DC.

Ísleiðir fyrir byrjendur

Á hverjum vetrí bætast nýjir einstaklingar í fríðan flokk íslenskra ísklifrara. Sumir koma inn í sportið í gegnum sér reyndari menn og öðlast reynslu og þekkingu smám saman undir handleiðslu þeirra. Aðrir fara á námskeið, læra þannig grunnhandtökin við að elta og leiða. Hvað tekur svo við? Hvert er best að fara til að öðlast eigin reynslu í viðráðanlegum leiðum?

Hér á eftir kemur útlistun á nokkrum leiðum sem við í ritnefnd teljum til klassískra byrjendaleiða.

Spori í Kjósarskarði

Fossinn Spori er aðgengilegur og skemmtilegur 3. gráðu ísfoss staðsettur ofarlega í Kjósarskarði. Hann er liggur innarlega í berghvelfingu sem kölluð er Kórinn fyrir ofan bæinn Fremri-Háls. Nokkrar aðrar leiðir eru í Kórnum af 2.-4. gráðu. Til að komast í Spora frá Reykjavík er Mosfellsheiðin ekin að afleggjaranum niður í Kjós (hjá Stíflisdalsvatni). Fremri-Háls er efsti (austasti) bærinn í skarðinu. Hægt er að leggja á hlaðinu. Að sjálfsögðu bankar maður uppá og lætur vita af ferðum sínum. Til að komast í Kórinn er gengið upp túnin og alveg útfyrir þau til austurs, þangað til komið er að lækjarsprænu. Eftir gott frost er 8-10m íshaft neðarlega í læknum og er það ágætis upphitun. Læknum er fylgt alla leið upp þangað til komið er inn í Kórinn. Spori er stærsti fossinn í Kórnum, u.p.b. 70m hárr. Brattinn er frá ca. 45° upp í 70°, mestur efst og neðst. Hægt er að gagna niður gil aðeins vestan við Spora.



Ís í Eilífsdal. Einfarinn er í stærsta þilinu fyrir miðri mynd. Takið eftir hengjunni sem farin er að myndast fyrir ofan leiðina.

Mynd: STP

Skarphéðinn Halldórsson og
Ívar Freyr Finnbogason

Einfarinn í Eilífsdal

Ef spurt er um þekktustu 3. gráðu landsins er svarið trúlega Einfarinn í Eilífsdal, norðanmegin í Esju. Löng aðkoma og fjölbreytt klifur í hrikalegu umhverfi gerir leiðina að prófsteini sem reynir á marga þætti fjallamennskunnar. Einfarinn er yfirleitt kominn í góðar aðstæður í byrjun desember og helst þannig nær óslitið fram í miðjan apríl, jafnvel lengur. Í Eilífsdalnum eru auc Einfarans nokkrar af tilkomumestu ísklifurleiðum landsins, svo sem Bilið og Tjaldið.

Til að komast inn í Eilífsdal er ekið áleiðis inn Hvalförðinn. Beygt er til hægri inn Miðdal og ekið þangað til Eilífsdalurinn opnast til suðurs. Fremst í Eilífsdal er bærinn Eilífsdalur. Í góðu frosti er hægt að aka inn dalinn en í snjó eða hlýjindum verða menn að gera sér two jafnfljóta að góðu.

Brekkan upp að Einfaranum er nokkuð löng, hið eiginlega klifur byrjar ekki fyrr en komið er hálfa leið upp hlíðina. Neðsta haftið er breitt íspíl sem býður upp á fjölmörg afbrigði. Við tekur brött snjóbrekka sem hliðrar til hægri og svo annað íspíl. Efra íspílið er einnig hægt að klifra á marga vegu, léttast er það í kverkinni lengst til hægri. Þar fyrir ofan er svo snjóbrekka upp á brún. Gengið er niður gil vestast í dalnum.



55° í Búahömrum. Skemmtileg 3. gráðu leið sem á reyndar til að bakast aðeins í sólinni þegar líða tekur á daginn.

Mynd: RH

Hafa ber í huga að þó að Einfarinn sé 3. gráða er hér um að ræða talsvert alvarlega leið. Bæði er leiðin löng og langt í bílinn ef eitthvað fer úrskeiðis. Snjósöfnun getur verið mikil í Eilífsdalnum og stórar hengjur myndast fyrir ofan sumar leiðirnar, þar á meðal Einfarann. Því er nauðsynlegt að hafa snjóflóðabúnað meðferðis þegar líða tekur á veturinn og kunna að nota hann, ásamt almennri skynsemi.

55° í Búahömrum

Búahamrar eru sunnan megin í Esjunni og afmarkast af Mógilsá í austri og Esjubergi í vestri. Þar er að finna fjöldann allan af klifurleiðum, flestar 2-4. gráðu. Svæðið er örskammt frá borginni þannig að tilvalið er að skjótast þanngað eftir vinnu eða skóla þegar dagana tekur að lengja.

Til að komast að leiðunum í Búahörmrum er hægt að leggja í malarnámumunni vestan við Mógilsá eða við Esjuberg. Gangan upp að leiðunum er ekki nema tærur hálftími.

55° hefst á nokkrum stuttum en bröttum höftum uns komið er upp á stall. Þaðan er hægt að velja um nokkrar misbrattar leiðir upp á brún, allt frá bröttu og frekar löngu kerti að aflíðandi brekku. Í nánd við 55° eru fleiri þægilegar leiðir sem liggja í giljum og skorningu víðsvegar í Búahörmrunum.

Þar sem Búahamrar snúa til suðurs getur ís í sumum leiðunum orðið frekar morkinn þegar líða tekur á sólríka daga.

„Sprungan“ ofan við Hveragerði

Í hlíðinni austan við Hveragerði er að finna fyrirtaks byrjendaleið með þægilegri aðkomu. Ekki vitum við í ritnefnd til þess að hún beri skráð nafn en höfum heyrt talað um hana sem „Sprunguna“. Stingum við hér með upp á að það nafn verði viðhaft um leiðina héreftir.

Best er að aka upp að Garðyrkjuskóla Ríkisins og leggja í nágrenni við hann. Eftir það er gengið upp með augljósum lækjarfarvegi í fjallshlíðinni. Efst í farveginum er fossinn. Hægt er að sjá móta fyrir læknum og fossinum þegar ekið er niður Kambana.

Fossinn er um 40-50m langur, 3. gráðu. Ef hann er á annað bord frosinn ætti ísinn að vera auðtryggjanlegur þó að hann geti verið morkinn efst. Í miklu fannfergi má gera ráð fyrir að efsti hlutinn sé eingöngu snjór.

„Sprungan“ nær aldrei 90° og eru fyrstu metrarnir brattastir. Leiðin liggur upp þróngt gil og endar í brattri brekku þar fyrir ofan. Hún er nánast alltaf opin í neðsta hlutanum og eykur það á skemmtanagildi klifursins og kallar á örlitla útsjónarsemi.

Þessi foss býður upp á mjög skemmtilegt kvöldklifur. Hann er ekki of langur, aðgengi er gott og lýsingin frá gróðurhúsabænum nýttist vel.

Fyrir þá sem enn þyrstir í klifur eftir þennan foss er hægt að labba eftir brúninni í norður (inn dalinn) og þá er fljótlega komið að öðrum fossi sem annars er hulinn sjónum úr flestum áttum. Þessi foss fellur frjálst í um 2-10m og ætti að geta verið skemmtilegt viðfangsefni í ofanvað fyrir byrjendur. ■



Kvöldstemning í Búahörmrum. Þangað er kjörið að skjótast eftir vinnu eða skóla þegar dagana tekur að lengja. MYND: BH



Spori í skemmtilegum aðstæðum. Skabbi klifrar, Sissi heldur í spottann Mynd: BH



Thörsten Henn

Guðmundur Freyr Jónsson

1 Neil Gresham klifrar pillarinn Mr. Freeze (WI6) í Kaldakinn. Ian Parnell gætir endans

2 Freyr Ingi Björnsson í hátiðarskapi í „Axir við ána“ í Hvítárgili

3 Arnar Jónsson í Múlafjalli

4 Skarphéðinn Halldórsson mixar sig upp Scottish Leader (M7) í Múlafjalli



Björgvin Hilmarsson

Berglind Áóalsteinsdóttir

André Bjarnason



Björgvin Hilmarsson

Göðumundur Þómasson



Hröbjartur Sigurðsson

5 Sigurður Tómas klifrar Úr djúpinu (WI5) í sjávarklettunum í Kaldakinn

6 Haraldur „Gúmjárn“ Keltakóngur í kröppum dansi

7 Róbert Halldórsson glímir við Scottish Leader (M7) í Múlafjalli. Skarphéðinn tryggir

8 Róbert í annari spönn Björtu hliðarinnar (P6) undir Eyjafjöllum. Siggi felur sig frá skæðadrífunni

9 Festivalstemning við sjávarklettana í Kaldakinn. Hallbera og Elsa Gunnarsdætur

Jopuno

Arnar Pór Emilsson
Berglind Aðalsteinsdóttir

Arnar nýtur útsýnisins af V-hrygg Jopuno.

Það var í mars 2007 sem langbráður draumur okkar um að fara til Himalaya varð loksns að veruleika. Stefnan var tekin á NA-hluta Indlands, nánar tiltekið til Sikkim sem er fámennt og friðsælt ríki með landamæri að Nepal, Buthan og Tibet. Það var áður sjálfstætt ríki en hefur tilheyrt Indlandi frá árinu 1975. Það þarf að sækja um leyfi til að fara inn í héraðið og ennfremur sérstök leyfi ætli maður í gönguferð eða klífa fjöll.

Af hverju Jopuno?

Markmið okkar var að klífa flott fjall á fáförnum slóðum. Fyrir valinu varð Jopuno. Það var vinur okkar Haukur Parelíus, sem kom okkur í samband við Raja, hressan Indverja sem rekur nú litla ferðaskrifstofu (www.adventuremania.com). Hann sá um allt skipulag s.s. að útvega bíla, gistingu á leiðinni, burðarmenn, leyfi o.s.frv.

Við höfðum mjög takmarkaðar upplýsingar um fjallið þegar við lögðum af stað því litlar upplýsingar er að finna um fáfarin fjöll á þessu svæði. Einingig eru landakort vandfundin og ónákvæm. Það var t.d. mjög misjafnt hvað heimildir sögðu fjallið hátt - allt frá 5.603m upp í 6.010m. GPS tækið okkar sýndi svo rétt um 5.700m. Samkvæmt opinberum gögnum hafði Jopuno aldrei verið klifrað en Sherpanir sem voru með okkur vissu um einn leiðangur

sem hafði farið á fjallið nokkrum árum áður. Klifurleyfi á þessu svæði eru mjög dýr og þess vegna skrá menn ekki alltaf fjallasigra sína. Við völdum að fara á svæðið á svokölluðu „trekking“ leyfi. Það var takmarkað við 12 daga dvöl á svæðinu og þurftum við að tekka okkur inn og út frá þorpinu Yoksum þaðan sem leiðangurinn byrjaði. Þá var eins gott að ná til baka á réttum tíma því annars hefðum við verið í vondum málum. Indverjar eru nefnilega ekki mjög sveigjanlegir þegar kemur að pappísmálum!

Samkvæmt opinberum gögnum hafði Jopuno aldrei verið klifrað en Sherpanir sem voru með okkur vissu um einn leiðangur sem hafði farið á fjallið nokkrum árum áður.

Ferðalagið

Ferðalagið til Sikkim var heilmikið ævintýri. Eftir 9 tíma flug frá London til Kolkata tók við 12 tíma lestarferð í átt til fjalla. Arnar var svo óheppinn að fá í magann strax í byrjun ferðar og þurfti því að eyða dágóðum hluta lestarferðarinnar á klósettini sem var einfaldlega gat í gólfini niður á lestarteinana.



Sherpi gengur á skyjum, á leið í grunnbúðir.

Til allrar lukku gekk þessi magakveisa fljótt yfir og eftir það sluppum við alveg við slík veikindi.

Eftir lestarferðina fórum við með jeppa eftir mjóum og hlykkjóttum vegum til fjallaborgarinnar Darjeeling (2.100m) sem er helst þekkt fyrir te auk þess að vera heimabær Tenzing Norgay. Það fór ekki á milli mála hve mikil hetja kappinn er í augum Sherpa og vilja margir þakka honum fyrir þá miklu virðingu sem Sherpar njóta í samfélagini.

Frá Darjeeling var stefnan tekin inn í Sikkim til þorpsins Yoksum (1.720m) þar sem gangan hófst. Með í för voru Raja og „klifursherparnir“ Pemba og Thendup sem fóru með okkur á fjallið, en auk þeirra voru kokkur og nokkrir burðarmenn sem fylgdu okkur í grunnbúðir. Þetta var mjög skemmtilegur hópur. Sherparnir voru alltaf kátir og brosandi og var virkilega gaman að kynnast þeim.

Á fyrsta degi gengum við upp í mjög afskekkt þorp í 3.000m hæð. Parna var eins og við værum komin 100 ár aftur í tímann. Fólkið tók vel á móti okkur og bauð okkur inn í „baðstofu“ að hlýja okkur við opinn eld. Einnig var okkur boðið að smakka heimalagaðan bjór sem var blandaður á staðnum úr sérstökum fræjum og heitu vatni.

Eftir að við yfргáfum þorpið og héldum til fylla urðum við ekki vör við neinar mannaferðir. Við gengum meira en minna í þoku þangað til að

við komumst upp fyrir skýin í 3.800m hæð en þá tók við frábær fjallasýn. Hæðaraðlögun gekk vel. Vissulega fundum við að úthaldið minnkaði eftir því sem ofar dróg en við þössuðum okkur á að fara mjög rólega yfir á meðan við vorum að aðlagast hæðinni. Við vorum heppin með veður, það var yfirleitt bjart og stíllt fyrri part dags en oft þoka seinnipartinn. Búnaður Indverjanna var mjög frumstæður og vorum við t.d. mjög fegin að hafa tekið tjaldið okkar með. Tjöldin frá Raja voru svipuð og Rúmfatalagers tjöld!

Klifrið

Grunnbúðir voru í 4.000m hæð en þaðan höfðum við þetta fina útsýni yfir á Kangchenjunga (8.586m), þriðja hæsta fjall heims. Eftir hvíldardag í grunnbúðum fundum við stað fyrir efri búðir í 4.700m hæð. Leiðin á fjallið var mjög skemmtileg og meira krefjandi en við áttum von á. Á toppadeginum var vaknað kl. 03.30 og lagt af stað í myrkri. Við byrjuðum á því að þvera fremur greiðfæran, lítið sprunginn skriðjökul. Svo tók við brött snjóbrekka, sem við þræddum á milli klettahafta og leiddi okkur upp á V-hrygg fjallsins. Hryggurinn leyndi á sér, var brattari en hann leit út fyrir úr fjarlægð og tæknilega erfidasti hluti leiðarinnar. Þetta var fjölbreytt sambland af brölti og klifri í snjó, ís og klettum.

Arnar og Berglind á toppi Jopuno.



Við fengum frábært veður á toppadeginum og glæsilegt útsýni þar sem fullt af fallegum tindum stóðu upp úr skýjunum. Við dvöldum stutta stund á toppnum, tókum myndir og nutum útsýnisins á meðan við nærðum okkur. Að lokum sigum við niður í alls 10 spönnum og gengum þess á milli. Við vorum þreytt og sæl þegar við komum niður í efri búðir. Eftir að hafa sötrað heitt te og gúffað í okkur bolognese a la Mountain House steinsváfum við fram á morgun.

Þegar að við komum niður í grunnbúðir fórum við í dagsgöngu upp að rótum Kangchenjunga en síðan var gengið tilbaka til Yoksum á 3 dögum. Þaðan var haldið á ný til Darjeeling. Í framhaldinu fórum við í nokkurra daga gönguferð um Singalia hrygginn sem liggar efti landamærum Indlands og Nepals.

Takk

Við viljum þakka mömmum okkar fyrir að leyfa okkur að fara í svona fjallaferð! Útilíf fær þakkir fyrir góða þjónustu og veittan afslátt. Sömuleiðis Lyfjaval sem gerði vel við okkur. Einnig viljum við þakka Hjálparsveit Skáta í Garðabæ fyrir að lána okkur two júmmara! ■

Arnar að komast upp á V-hrygginn.




Jopuno.



Berglind kemur upp klettahaft.



Berglind að síga niður seinustu spönnina.



Kangchenjunga (8.586m).



Götumarkaður í Darjeeling.

Drangaskörð

Katla Mariúdóttir
Tryggvi Stefánsson

í júní 2007



Sumarið 2007 lögðu nokkrir ferðalangar af stað í leiðangur að Drangaskörðum austan Drangajökuls. Hópurinn samanstóð af félögum úr Björgunarsveitinni Ársæli. Ætlunin var að klifa tinda Drangaskarða. Drangaskörð eru röð hnarreistra tinda sem náttúruöflin hafa sorfið og tálgað til svo eftir stendur pessi einstaka náttúruverla sem skagar langt fram í sjóinn. Aðeins vitum við um einn leiðangur sem hafði sama markmið, en frá honum segir Björgvin Richardson í bók sinni Útkall Rauður.

Eftir að hafa komið við í Bjarnarfirði þar sem við grilluðum og glímdum við nokkra steina vorum við ferjuð frá Norðurfirði að Dröngunum og tók siglingin um klukktíma. Tjaldbúðum komum við upp í tóftum gamallrar hákarlavréstöðvar norðan megin á skörðunum. Þrjá minnstu drangana klifum við strax fyrsta kvöldið, þeir voru tiltölulega auðveldir, fastir í sér og gáfu fremur falska mynd af því sem koma skyldi. Uppi á Kálfaskarðstindi blasti við okkur Stóritindur og virtist hann frekar ófrýnilegur að sjá, við ákváðum því að reyna við Efstatind daginn en hann virtist léttari. Það klifur

sóttist hinsvegar mjög seint og tók það Tryggva um klukktíma að leiða fyrstu sjö metrana. Bergið, ef berg má kalla, var gífurlega laust í sér, nokkurskonar lóðrétt skriða. Erfiðlega gekk að tryggja, og ákveðið var að Efstitindur yrði að bíða.

Bergið í Stóratindi var allt öðruvísi; brött höft með traustu bergi, tengd saman með grasbrekkum. Klifrið var mjög skemmtilegt og gekk vel. Hægt var að skella inn múrboltum í stönum og voru tvær spannir klifraðar um kvöldið og línum skildar eftir um nóttna. Næsta morgun héldum við áfram og tók Ásgeir við leiðslunni og leiddi síðustu spönnina. Þegar hann var kominn upp og hafði rótað hálfri grasbrekkunni niður fann hann loksns not-hæfar tryggingar og mannskapurinn staulaðist upp á fixuðum línum. Þá var einungis eftir brött brekka uns tindinum var náð. Frá Stóratindi er ótrúlegt útsýni, þaðan sáum við allt frá Hornbjargi og austur að Tröllaskaga yfir spegilsléttan sjóinn. Stóritindur er klofinn í two hluta og hefur hinn hlutinn aldrei verið klifinn. Sorglegt var að geta ekki stokkið yfir þessa stuttu vegalengd sem er líklega um sex metrar. Stangastökk gæti kannski virkað, eða jafnvel


Eftir að hafa látið í minni pokann fyrir
Efstatindi kveiktum við varðeld og
grilluðum þýskar Bratwurst



línubyssa... ? Í bók sinni minnist Björgvin á fleyg, sem hann og félagar skildu eftir „...fyrir komandi kynslóðir“. Við fundum fleyginn og komum aftur til eigandans.

Eftir sigur dagsins kveiktum við varðeld í fjörunni á góðum stað þannig reykinn legði ábyggilega yfir tjöldin. Grilluðum við sykurpúða og pylsur langt fram eftir nóttu. Á morgnana þegar tjöldin breyttu sér í örbylgjuofna og voru farin að nálgast 900 wöttin héldu sumir áfram að sofa fyrir utan tjaldið á meðan aðrir sprækari, þ.e. Katla, fékk sér hressandi sundsprett í næsta læk, sem er aðeins í þruggja eða fjögurra kílómetra fjarlægð. Hún baðaði sig grunlaus í ánni og hélt hún væri ein í heiminingum, en rakst svo á eina útilegumann Íslands, sem sagðist vera fjárhirðir úr Pýrenea fjöllunum og býr í gömlu eyðibýli skammt frá og lifir að sögn á landinu.

Reynt var við Efstatind að nýju en nú í talsverðri þoku. Við höfðum augastað á leið sem við höfðum séð nokkrum dögum áður. Fyrsta spönn gekk vel, þá tók við hliðrun á grassyllum með þverhnípi fyrir neðan og nokkur steinaköst þurfti til að reka



Fyrsta spönn á Stóratind, Tryggvi leiðir og Ásgeir tryggir



Einn af þeim morgnum þar sem enginn leið var að sofa inni í tialdinu og blóðið varð svo heitt að ómögulegt var að hreyfa sig.



Ásgeir með góðvini sínum og félaga sólinni.

fýlana burt sem fyrir okkur sátu. Lá leiðin síðan upp einhverskonar grasgróina hnnullunga og berg sem hélt sér þéttingsfast við grasið - fremur auðvelt klifur. Í stansinum fundum við prússik eftir fyrri leiðangur sem bundinn var utan um grjóthruðu og gerðum við slíkt hið sama. Dóri tók þá við leiðslunni og brölti yfir nokkur höft sem sum sum voru lúmskt erfið. Nú var Dóri kominn á góða syllu og einungis sex metrar eftir upp á topp. Þarna tókum við stutt orkustopp þegar allur hópurinn var saman kominn. Tryggvi reyndi fyrstur við síðstu metrana og eftir talsvert maus snéri hann niður og Geiri fékk að spreyyta sig. Hér var hvergi hægt að setja inn tryggingar í þetta furðulega berg. Allar leiðir voru skoðaðar og metnar en hvergi fundum við leið sem við treystum okkur í. Eftir um klukkustundar vangaveltur ákváðum við að láta gott heita og sig-



Frá vinstri: Litlitindur, Kálfatindar (tveir talsins), Stóritindur, óklifinn, Stóraskarðstindur og Efstitindur



Frá vinstri: Katla, Tryggvi, Ásgeir, Klara og Halldór

um niður, frekar súr með að hafa ekki toppað.


Ferðin heppnaðist vel á allan hátt, þó ekki hefði skemmt fyrir ef fleiri tindum hefði verið náð. En miðað við að flestir í hópnum voru að taka sín fyrstu skref í fjölspanna klifri var árangurinn nokkuð góður. Af nógu er að taka á þessu svæði og sáum við sjaldan með hendur í skauti. Við rætur Drangaskarða er að finna helling af minni hnnullungum sem við glímdum við. Einnig eru staðri klettar sem ganga fram í sjóinn og gætu hentað ágætlega fyrir sportklifur, ekki gafst okkur þó tími til að spreyyta okkur mikið í þeim. Veðrið var frábært allan tímann og skemmtum við okkur konunglega í þessari vel heppnuðu ferð.

Við kvöddum Drangaskörð með söknudi og munum án efa heimsækja þau aftur. ■

Mera Peak

eftir Frey Inga Björnsson

& Jón Heiðar Andrésson



Hinn „eiginlegi“ Mera Peak, 6.654m

Mynd: Freyr Ingi Björnsson

Við félagarnir vorum á ferðinni í Nepal í nóvember 2006. Þar höfðum við að markmiði að klífa hið svipmikla og margþrammaða Mera Peak. Nú kunna kannski þeir sem þekkja til að hvá enda Mera Peak litlu svipmeira en Öskjuhlíðin í samanburði við risana í kring.

Sannleikurinn er hins vegar sá að árið 1978 gerði Nepalska fjallanefndin lista með 18 tindum sem voru á bilinu 5.000-6.500m háir og nefndi þá „treckingtinda“. Leyfi og almennt aðgengi að þessum tindum var auðveldað og við það jókst mjög umferð fjallamanna til Nepal enda þurfti ekki lengur að borga s.k. „expedition gjöld“ svo lengi sem förinni væri heitið á fjöll á umræddum lista. Einn þessara tinda og reyndar sá vinsælasti er Mera Peak og telst hann vera 6.485m samkvæmt flestum kortum.

Það var síðan í kringum árið 2000 sem Hollendingur nokkur fór að rannsaka málid eftir að hann kleif fjallið og mældi það ekki nema 6.300m að hann komst að því að fjallið sem allir höfðu klifið var ekki Mera Peak. Mera Peak var og er í raun næsta fjall við hliðina og reyndist svo sannarlega svipmeira en hinn hóllinn!

Hollendingurinn fljúgandi sagði aðeins góðum vinum frá þessu leyndarmáli og sneri aftur ári seinna til að verða fyrstur til að klífa hinn „eiginlega“ Mera Peak, sem á kortum heitir Peak 41 og er 6.654m hár. Hollendingnum og föruneyti tókst ekki ætlunarverkið enda réðust þeir til atlögu við 500m hátt jökulfall sem minnir um margt á annað og frægara kennt við Khumbu-dalinn, nema hvað þetta var brattara og engir álstigasherpar til að halda leiðinni opinni. Svo komu þar að Slóvenar sem fundu leið við hlið jökulfallsins og þar af leiðandi lykilinn að fjallinu ef svo má segja. Peir náðu fyrstir manna að klífa Peak 41 og eru í dag einu mennirnir sem hafa stigið fæti á hinn eiginlega Mera Peak.

Okkar plan var að fá leyfi á Mera Peak, klífa það til að ná aðlögun og reyna okkur svo við Peak 41, enda tæknilega með leyfi á það - kannski á gráu svæði reyndar. Við klifum Mera Peak en þurftum að hverfa frá fyrrhuguðum plönum á Peak 41 vegna óvenju mikilla snjóá á svæðinu. sem höfðu gert okkur lífið leitt í þó nokkra daga. Nú er leyndarmálinu ljóstrað og klifi hver sem betur getur... ■

EINN Á GÖNGU UM ESJUFJÖLL OG MÁVABYGGÐIR

PORVALDUR V. PÓRSSON

Í Hermannaskarði um nóttina. Fjær sést þverártindseggin og nær eru Mávabyggðir.

Ég sá fyrir mér að helgin væri farin í ræsið þar sem ferðafélaginn hafði of mikið að gera í vinnunni til að komast með. Spáin var frábær fyrir næstu daga og ég hreinlega varð að fara.

Ég henti dótinu í bílinn minn, kvaddi alla og fór af stað. Á leiðinni austur hugaði ég hvort það væri nokkuð vit í að fara þetta einn. Þegar ég nálgaðist Skaftafell hringdi ég í Einar Öræfing og spurði hann hvar væri best að beygja á Breiðamerkursandi til að komast inn að jökulröndinni. Hann lýsti því mjög skilmerkilega fyrir mér. Þetta stappaði í mig stál-inu og var ég alveg ákveðinn í að láta á þetta reyna þó svo að það væri algerlega gegn betri vitund að fara þetta einn. Þegar ég kom á Breiðamerkursand stóðst allt sem Einar hafði sagt og ég náði næstum inn undir jökulrönd á bílnum. Ég var talsverðan tíma að taka mig til og þegar ég lagð af stað frá bílnum var klukkan ellefu að kvöldi dags. Veður var þokkalegt, hálfskýjað og nærrí logn. Ferðin gekk vel þrátt fyrir mjög þungan poka. Ég tafðist aðeins á leiðinni þegar ég villtist inn á ansi ljótt sprungu-svæði og þurfti á endanum að taka á mig talsverðan krók til að komast framhjá því. Ég komst í skálann í hlíðum Lyngbrekkutinds milli klukkan fjögur og fimm um morguninn og fékk mér vel að borða og fór síðan að sofa.

Uggi

Ég vaknaði rétt fyrir ellefu um morguninn, úti var niðdimm þoka. Mér létti mikið þegar ég sá að þetta var þokubakki sem var ekki mjög þykkur. Hugmyndin var að fara upp dalinn milli Esju og Austurbjarga og fara þaðan upp á Ugga sem er austasti toppurinn í Esjufjöllum. Ég ætlaði síðan að fylgja fjallshrygnum í vestur og fara á alla toppa sem ég sá og láta GPS tækið hlaða inn feril sem ég gæti rannsakað í tölvunni heima. Ég ætlaði að ganga Fossadalinn aftur niður í skála. Þetta var mjög löng leið en það var ekki hægt annað en að klára þetta ef veður og aðstæður leyfðu. Ég byrjaði að ganga rúmlega eitt eftir hádegi með hnút í maganum af spenningi og stressi. Ég var með punkta í tækinu og setti stefnuna á Ugga í nánast engu skyggni. Ég hugsaði alltaf að það væri a.m.k. alltaf hægt að snúa við og fara sömu leið til baka ef ég lenti í vandræðum. Það tók talsverðan tíma að ganga yfir hálsinn niður á jökul og yfir skriðjökulinn að Austurbjörgum. Þegar þangað var komið létti þokunni allt í einu og ég sá umhverfið í réttu ljósi. Það var ótrúlegur léttir. Þokan hopaði aðeins suður og var þokubakkinn allan daginn og nóttina rétt fyrir sunnan mig. Ég var á köflum mjög stressaður yfir því að þokan gæti komið aftur og blind-




Horft ofan af Þuriðartindi. Mávabyggðir næst til vinstrí og Fingurbiörg. Fjær siást Esjufjöll með Lyngbrekkutind og Esiuna síðla. Lengra til hægri sést Þverártindsegginn og Snæfell í fíarska

að mig því það var engin leikur að rata þarna uppi framhjá hindrunum og þræða alla hæstu toppa. Ég tók fram skíðin þegar ég var kominn vel upp dalinn og sá þá að ég hafði skilið skinnin eftir í kofanum. Það var lítið við því að gera nema bólva hressilega yfir klaufaskapnum og halda áfram. Uppferðin var talsvert auðveldari en ég hafði haldið. Ég fór á einn topp á hrygnum fyrir sunnan Ugga og tók niður GPS punktinn sem var rétt yfir 1.400m en þegar betur var að gáð náði þessi toppur ekki nægjanlega hátt yfir umhverfi sitt. Ég hélt áfram upp á brún en þar var ljót sprunga sem ég komst yfir á snjóbrú, frekar stressaður. Þegar þangað var komið sá ég annan topp sem var vel yfir 1.400m, talsvert fyrir austan Ugga. Ég gekk þangað, tók GPS punkt og síðan aftur til baka. Uggí er ansi flottur toppur sem dregur nafn sitt örugglega af því að hann lítur út eins og hákarlsuggi neðan frá séð. Uggí reyndist vera rúmlega 1.570m hár og þaðan er frábært útsýni.

Snæhetta

Klukkan var rúmlega sjö að kvöldi og ansi löng leið framundan. Ég þræddi næst alla hæstu toppa og skalla þarna áleiðist að Esju sem er ansi áberandi og flott fjall. Ég byrjaði síðan að þræða nokkrar

hæðir til að leita að hæstu toppunum þar og láta tækið mæla hæð þeirra yfir umhverfi sitt. Seint um kvöldið var ég kominn fyrir norðan Vesturbjörg og átti þá eftir að fara talsvert lengra í vestur til að fara á hæstu toppa Esjufallahryggsins sem heitir Snæhetta. Ég var kominn á hærri toppinn á miðnætti og reyndist hann vera 1.760m hár. Það var farið að gusta svolítið en samt var heiðskírt en mjög kalt í veðri. Ég ákvað að hringja og láta vita af mér en gervihnattasíminn virkaði bara í rúmlega mínuðu í kuldalanum. Það var léttir að geta látið vita af sér en ég hef örugglega ekki hlaðið rafhlöðuna almennilega áður en ég fór. Ég stoppaði lítið á leiðinni til baka því það var svo kalt að ég varð að halda mér á hreyfingu. Ég gekk á hæsta toppinn norðan við botn Fossadals en hann lokar reyndar dalnum. Mér létti þegar þangað var komið því ég var viss um að leiðin niður í kofa yrði frekar auðveld, brött á einum kafla en þar þyrfti ég að taka af mér skíðin og klifra niður með ísökunum. Þegar niður í Fossadal var komið tók ég á mig krók til að fara á hæsta toppinn í Austurbjörgum og síðan á tvo hæstu toppana í Vesturbjörgum. Ég renndi mér niður og út vesturhlíð Fossadals og ætlaði að komast niður brattar fannir sem voru fyrir vestan




Lónið sem komið er í Fossadal milli Vesturbjarga og Skálabjarga.

vatnið í mynni dalsins. Þegar ég kom suður í dals-mynnið lækkaði ég mig í snarbrattri snjófönn sem á endanum beyttist í hengiflug. Ég fór aðeins upp aftur og lengra suður með brattri hlíðinni. Þar var önnur snjófönn og fór ég niður hana þangað til hún endaði og við tók mjög brött skriða. Ég gekk alla leið niður skriðuna þangað til ég kom aftur fram á hengiflug. Eftir talsverða skoðun sá ég að síðustu 50 metrarnir voru algerlega ófærir svo eina leiðin í stöðunni var að hækka sig um 250m, ganga aftur inn dalinn og koma niður skriðjökulinn. Þetta tók talsverðan tíma en á endanum var ég kominn niður skriðjökulinn alla leið niður að vatni. Ég ákvað að ganga austan við vatnið og fann þá að ég var orðin talsvert slæptur og þreyttur. Ég komst samt ekki alla leið meðfram vatninu því rétt við suðurenda vatnsins tók við lóðréttur ís við vatnsborðið sem ekki var hægt að komast framhjá og fyrir ofan mig og framan voru klettar sem heftu för mína. Ég ætlaði ekki að fara að ganga alla leið kringum vatnið svo ég þrjoskaðist upp í lítið gil og klifraði þar upp tæplega 10m háan lóðréttan klettastromp og komst þaðan upp á brún. Þetta var mikill léttir og hálftíma síðar var ég kominn heim í skála klukkan rúmlega tíu að morgni og hafði ég þá verið á ferðinni í 21 tíma. Ég fékk mér vel að borða og svaf til rúmlega fimm um kvöldið.

Mávabyggðir

Veður var mjög gott þegar ég vaknaði og þrátt fyrir þreytu ákvað ég að fara yfir í Mávabyggðir og reyna einnig að taka austasta hluta Öræfajökuls ef ég hefði afl til. Ég tók mér góðan tíma til að matast, slappa af og taka mig síðan til. Ég lagði af stað um hálf-nú-leytið um kvöldið í logni og nærri heiðskíru veðri. Það var talsverður ganguð að Mávabyggðum og fór ég upp á hásléttuna fyrir norðan þær. Þegar ég kom upp fyrir hábrúnina var ég allt í einu kominn í mjög slæmt sprungusvæði. Ég létt mér það í léttu rúmi liggja og fór að þræða mig milli sprunganna. Mér hætti þó að lítast á þegar þær stækkuðu og þeim fór fjölgandi. Ég sá gímöldin allt í kringum



Hæðarlínurit fyrir ferðina




Þetta er Heliargnípa sjálf séð neðan frá iökli.

mig og yfirleitt var bara líttill hluti hverrar sprungu opinn og þær voru svo djúpar að maður sá ekki til botns. Á endanum kom sú tilfinning yfir mig að það væri alls ekki sniðugt að halda áfram á þessari leið. Ég þræddi mig til baka sömu leið og ég hafði komið og tók á mig um 45 mín. krók norður fyrir þetta hættulega svæði. Nokkru seinna eða tæplega tvö eftir miðnætti stóð ég á hæsta toppi Esjufjalla og leið alveg einstaklega vel, bæði líkamlega og andlega. Ég fékk mér að borða og naut veðurbliðunnar og útsýnisins. Ég stoppaði stutt og arkaði af stað og sá fyrir mér næsta takmark. Þvert yfir Hermannaskarð blasti Mikill við eins og flatur hryggur í fjarska. Petta virtist ekki ýkja langt en ég vissi betur.


Hermannaskarð og Þuriðartindur

Ég gekk af stað og fór á annan lægri topp þarna rétt hjá til að fara á alla toppa á Mávabyggðasvæðinu. Því næst fór ég að leita að hentugum stað til að komast ofan í Hermannaskarðið. Það tókst svona þokkalega eftir að hafa gengið einu sinni fram á hengiflug og taka á mig vænan krók vegna sprungusvæða. Á endanum var ég kominn niður í sjálft skarðið. Ég hugsaði allan tíman um hvar ég aðtti að fara upp á næsta topp og þegar nær dró ákvæð ég að gera það á eins öruggan hátt og hægt var, þó svo að það væri örlítið lengri leið. Í miðju skarðinu tók ég smá stopp því sólarupprásin nálgædist og veðrið var svo ótrúlega fallegt.

Framhald á síðu 42



Gönguleiðin um Esjufjöll



Gönguleiðin um Mávabyggðir



1

Rúnar Óli Karlsson



2

Magnea Magnúsdóttir



3

Guðmundur Freyr Jónsson



4

Sigurbjörn Gunnarsson

1 Arnar þór Emilsson markar þel fyrir ofan Ísafjarðarbæ

2 Fyrstu för dagsins

3 Þverártindsegg að vori séð úr botni Kálfafellsdals. Það sést beint inn Eggjardalinn og í skriðjökulinn Skrekk undir Egginni.

4 Ponta á Brúninni í Hlíðarfjalli

5 þ

6 S

7 E

8 H



Hrafnhildur Hannesson

6



Guðmundur Oli Gímannsson

7



Magnea Magnúsdóttir

8




Guðmundur Freyr Jónsson

5 Þelamerkurtröllið Hálfdán Ágústsson á leið á topp Harahorn í Noregi á páskum 2008

6 Stórfjöldyldan fetar sig eftir svævþöktum hrygg í Avoriaz í Frakklandi

7 Erlendur Þór Magnússon svífur vængjum þöndum á franskri þúðuröldu

8 Horft í vestur af Birnudalstind. Öræfajökull í fjarska, en Þverártindsegg nær ásamt Snæfelli hægra megin við eggina



Horft enn af Þuriðartindi, nú til suðurs. Breiðamerkurfjall til vinstri, þá Heliargnípa, Káratindur og Antafjallstindur. Milli Þuriðartinds og Heljargnípu sést óbekkти hóllinn sem ég fór einnig á.

Ég stoppaði rétt til að taka nokkrar myndir og arkaði svo af stað. Ég stoppaði ekki fyrr en ég stóð á næsta toppi rúmlega hálfmimm um morguninn. Þetta var nú ekki mikill toppur heldur smá hryggur sem endaði í lóðréttum hamri til austurs. Ég sá næsta takmark fyrir framan mig, Þuriðartind, sem blasti þarna við ótrúlega tignarlegur. Ég vissi hvar farið var upp á hann en fannst þessi tindur ansi svakalegur og vonaði svo sannarlega að það yrði í lagi að fara einn þar upp auk þess sem ég þurfti að þvera ljótt sprungusvæði til að komast að honum. Ég gekk af stað, reyndi að þraða mig á sem öruggastan hátt í gengum sprungusvæðið, náði að rótum tindsins rétt fyrir sex og var kominn á toppinn um 20 mín. seinna. Uppferðin reyndist vera mjög auðveld og þar naut ég einhvers besta útsýnis sem ég hafði fengið á árinu. Þessi toppur er ótrúlega tignarlegur og mér fannst það mikil forréttindi að fá að njóta veðurbliðunnar og útsýnisins þarna uppi. Ég tók mér smá tíma í að sjá hvar sprungusvæðin framundan lágu. Ég ætlaði að hækka mig talsvert eftir að ég kom niður af tindinum og fara í stórum sveig framhjá verstu sprungusvæðunum og renna mér niður á ónefndan topp milli Þuriðartinds og Heljargnípu. Leiðin á toppinn var mjög auðveld og tók stutta stund. Nú voru þrír toppar eftir og ég beið ekki boðanna, tók nokkrar myndir og hélt síðan strax niður, spennti aftur á mig skíðin og renndi mér í áttina að Káratindi.

Káratindur og Antafjallstindur

Það var talsvert af sprungum þarna og þurfti ég taka á mig nokkra króka til að komast yfir því sprungurnar voru illvígari en mér sýndist í fyrstu. Ég komst á endanum upp á hrygginn fyrir vestan Káratind og sá í fyrsta skiptið niður á Antafjallstind. Það var talsverð lækkun niður að honum og ákvað ég að taka af mér pokann og hendast niður eftir til að ná einum GPS punkti í viðbót. Ferðin niður eftir var greiðfær og útsýnið yfir Fjallsjökul var ægisfagurt. Á leiðinni upp aftur fann ég fyrir sykurfalli í fyrsta skipti í ferðinni. Þetta kom skyndilega eins og venjulega og pokinn minn var uppi á hryggnum. Hitinn var rosalegur þarna á jöklinum og það var mjög erfitt að ganga upp í móti. Ég skipti um gír og hægði verulega á mér og ákvað að berjast ekki á móti heldur reyna að spara eins mikla orku og hægt var. Ég var byrjaður að telja skrefin, reyndi að ná 100 skrefum áður en ég hvildi mig aðeins og svo af stað aftur. Þegar ég loks komst upp í pokann minn settist ég niður í fyrsta skiptið í rúmlega 12 tíma og fékk mér að borða. Það var ótrúleg tilfinning að sötra heitt te í loginu og hitanum og njóta þess að finna hvað takmarkið var nærri. Eftir um 10 mínutna matarhvíld stóð ég upp, spennti á mig skíðin og henti pokanum á bakið, arkaði svo af stað og



Þessi mynd er tekin ofan af Antafjallstindi og sýnir Fjallsjökul sem kemur ofan af Snæbreið (nær) og Hrútárijökul sem á upptök sín frá Sveinstindi, sem sést ofarlega til hægri

stoppaði ekki fyrr en mesti brattinn byrjaði utan í sjálfum tindinum. Þar tók ég af mér skíðin og skildi pokann eftir undir tindinum, sem var brattur og flottur. Ég var gríðarlega ánægður þegar á toppinn kom og fagnaði eins og ég hefði unnið happdrættisvinning. Í raun var hægt að segja að það hafi verið ótrúleg heppni að komast svona langt án þess að lenda í stóráföllum. Samt var ég alls ekki viss um niðurleiðina af Heljargnípu. Það var því best að fagna ekki of mikilð fyrr en allt var yfirstaðið. Ég tók myndir, dreif mig niður að dótinu og var brátt farinn að bruna niður brekkuna meðfram Káratindi.



Fagnað á síðasta tindi

Heljargnípa og heim

Mér tókst nærrí því að renna mér alveg niður á Heljargnípu þar sem ég stoppaði, markaði með GPS tækinu og tók mynd af sjálfum mér sigri hrósandi. Ég spenniði skíðin á pokann, gekk að því er virtist endalaust niður brattan hrygginn þangað til ég kom niður á skriðjökulinn beint undir Heljargnípu. Þar spennti ég aftur á mig skíðin og renndi mér meðfram ónefndu fjalli sem þar stendur. Ég fór því sem næst úr öllu ofan mittis þar sem hitinn var þrúgandi niðri á jöklum. Hálfnakinn renndi ég mér niður á beran jökulinn og tók þar eina fallega dýfu fram yfir mig, brotlenti á jöklinum og rispaði allan skrokkinn. Þá fannst mér kominn tími til að taka af sér skíðin, ádur en líf og limir yrðu í hættu. Gangan niður skriðjökulinn virtist endalaus. Ég komst á endanum niður í bíl eftir rúmlega 22 klukktíma göngu, örþreyttur en ótrúlega ánægður með afrekið. Það var alger della að gera þetta einn en samt nauðsynlegt til að klára verkið sem ég vann að. Ég hafði lagt að baki 135km á tæpum þremur sólarhringum, farið á 17 toppa í ferðinni og komst í gengum mjög hættuleg sprungusvæði. Myndi ég ráðleggja fólkia að ganga þessa leið eitt síns liðs og án aðstoðar? Aldrei nokkurn tímann! ■

Viñales

Klettaklifur á Kúbu

Björgvin Hilmarsson
klifur@gmail.com

Flestir hafa skoðun á Kúbu, ég er engin undantekning og taldi mig vita ýmislegt. En það er alltaf gott að kynnast hlutunum af eigin raun og það var í og með markmið ferðar minnar til Kúbu, sem var í beinu framhaldi af flakki um Mið-Ameríku. Nú veit ég ýmislegt um Kúbu, en samt svo miklu minna en ég hélt að ég vissi áður en ég kom þangað.

Á Kúbu býr fólk við erfiðar aðstæður að mörgu leyti. Langvarandi og ósanngjarnt viðskiptabann hefur komið í veg fyrir að Kúba geti átt eðlileg sam-skipti við umheiminn og heftir möguleika á við-skiptum við önnur lönd. Kúba fær því ekki að leika eftir sömu reglum og aðrar þjóðir auk þess sem byltingarleiðtogarnir eru gamaldags og þrjoskir. En látum öðrum eftir að kryfja nánar samfélagið og stjórnmalin á Kúbu sem reyndar lítur út fyrir að sé að breytast töluvert um þessar mundir. Það sem hér verður fjallað um er klettaklifur í Viñales sem er af mörgum talið vera meðal bestu klifursvæða heims og hvað ber að hafa í huga þegar þangað er farið.

Einn af þeim sem hefur átt hvað mestan þátt í að koma Viñales á kortið er Bandaríkjamaðurinn Armando Menocal sem á rætur að rekja til Kúbu. Hann er lögfræðingur, afkastamikill klifrari og leiðsögumaður hjá Exum Guides og stofnaði á sínum tíma „The Access Fund“, samtök sem berjast fyrir því að halda klifursvæðum opnum víða um heim. Armando heldur úti frábærri síðu um klifur á Kúbu, www.cubaclimbing.com, þar sem gríðarlegt magn upplýsinga er að finna fyrir þá sem hyggjast klifra þar. Ég mun miðla af eigin reynslu auk þess sem ég hafði samband við Armando og spurði hann nokkurra spurninga.

Upphaf klifurs á Kúbu

Það er ekki langt síðan fréttir fóru að berast af þeim góðu klifurmöguleikum sem eru á Kúbu. Það má segja að hjólin hafi farið að snúast eftir að Armando fór til Kúbu árið 1998. En fyrst aðeins að upphafinu. Upp úr 1990 fóru helláhugamenn á Kúbu að fikta við klifur og notuðu ýmist heimatalibúinn búnað eða eitthvað sem þeim hafði verið gefið. Árið 1996 kom Spánverjinn Miguel Rubio með ýmsan búnað og kynnti tæknilegra klifur fyrir áhugasönum. Ári seinna var það Alberto Morales sem mætti með fullan rakk af dóti og setti ásamt heimamönnum upp fyrstu boltuðu leiðina í Viñales og skildi svo rakkinn eftir. Árið 1998 kom svo Armando Menocal til Kúbu í fyrsta skipti í 40 ár og uppgötvaði þá hversu mikla möguleika Viñales hefur upp á að bjóða. Hann sneri aftur ári seinna með ekki ómerkari menn en Craig Luebben og Cameron Cross. Í kjölfarið fóru að birtast greinar í alþjóðlegum tímaritum um svæðið.

Sérstakur staður og gott fólk

Viñales-dalurinn er á heimsminjaskrá Menningar-málastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO) því þar er að finna mjög sérstakt landslag. Áberandi eru stakar klettabæðir eða hattar, svokallaðar „mogotes“, sem talið er að hafi myndast þegar landið umhverfis fellt eftir að hellar neðanjarðar hrundu saman.

Viñales er um 200 km vestur af Havana og það er auðvelt að koma sér þangað. Rútur ganga á milli auk þess sem hentugt er fyrir nokkra saman að taka leigubíl eða þá að sameinast öðrum. Nóg er af gisti möguleikum í Viñales. Best er að koma sér

Í Viñales er að finna fallegt og miög sérstakt landslag. Örstutt er í nálægustu klifursvæðin. Bændur rækta tóbak af kappi enda dalurinn miög friðsamur.

Mynd: Björgvin Hilmarsson.



fyrir á einu af fjölmögum „casas particulares“ en margir þorpsbúar leigja út herbergi á góðu verði og bjóða upp á máltíðir þrisvar á dag. Í heimahúsum fær maður besta matinn og ekkert jafnast á við návígíð við fólkid sjálf. Eftir góðan klifurdag er svo tilvalið að kíkja niður á aðalgötu og inn á einhverja knæpuna þar sem venjulega er lifandi tónlist og fólk að dansa salsa eins og það eigi lífið að leysa [...eða til að gleyma].


Sjálfur gisti ég í húsi Oscars Jamie sem er einn aðalsamkomustaður klifrara í Viñales. Vinsældir Oscars má ef til vill rekja til þess að hjá honum hafa gist flestir af þeim heimsfrægu klifurum sem heimsótt hafa Viñales. Oscar er mjög stoltur af þessu og nefndi Lynn Hill og Craig Luebben sem dæmi. Þarna má finna leiðarvísa, klifurtímarit, bækur um klifur og fleira. Maturinn er góður og aðstaðan fin svo ekki sé minnst á mikla gestrisni húsþondans og hans fólks. Ég var alls í two mánuði á Kúbu og þar af um fimm vikur í Viñales. Mestan tímann klifraði ég með Svía sem ég deildi herbergi með hjá Oscari. Eftir að ég hafði komið mér sæmilega fyrir var ekkert annað að gera en að hella sér út í klifrið. Ég hafði prentað út alla leiðarvísa af síðunni hans Armandos áður en ég kom til Kúbu. Það tæki allt of langan tíma að fara ítarlega í gegnum öll svæðin í Viñales en mig langar þó að minnast lítillega á nokkur af þeim nafntoguðustu án þess að fara náið út í lýsingar á klifrinu sjálfa.

Craig Luebben í krúx-spönn Cuba Libre (5.12a) sem er með fyrstu leiðum sem Klifraðar voru í Viñales.
Mynd: Armando Menocal.

Klifursvæðin

Mogote del Valle er næst bænum og þar er fint að byrja og af nógu að taka. Það fyrsta sem ég próf- aði var Cueva Larga eða „Stóri hellir“ sem þó er ekki lokaður að ofan, svo þetta er meira eins og stór sprunga og hægt að klifra á báðum veggjum. Gott skjöl er frá sólinni og hægt að vera þar allan daginn ef því er að skipta. Eitt af því fyrsta sem maður rekur augun í þegar maður skimar yfir Mogote del Valle frá bænum, er risastór hellir með fullt af fríhang- andi dropasteinum (stalactites). Stóra opið er kallað Wasp Factory og ekki að ástæðulausu. Þar er einnig





Dale Moore klítrar hina frá
bæru leið Mambises y Maulets
(5.11a) í Cueva Larga.
Mynd: Björgvin Hilmarsson

hellismunni Cueva de Cabeza la Vaca sem liggur yfir í dalverpi á hinni hlið Mogote del Valle sem hefur að geyma fleiri leiðir. Í lofti hellisins sjálfs eru einnig nokkrar leiðir. Til að komast að þessu svæði fer maður í gegnum bærjarhraðið hjá Raúl Reyes. Hann er hinn viðkunnanlegasti og sjálfsagt að staldra að eins við, kaupa sér ávexti sem hann býður upp á og virða aðeins fyrir sér það sem fyrir augu ber. Best er auðvitað að kunna spænsku og spjalla við kallinn en Raúl bóndi hefur verið kliffrurum hjálplegur í gegnum tíðina og séð þá ófáa röltu í gegn.


„Eftir að hafa keypt ferskan ananas og slatta af sætum banönum af Raúl köstum við á hann kveðju og höldum áfram í gegnum bakgarðinn hjá honum. Ilmurinn af besta tóbaki í heimi, sem þekur heilu hektarana í kring, fyllir vitin og maður getur ekki annað en hugsað til gærkvöldsins. Kalla það ekki þynnku, en sjö ára Havana Club, eitt-hvað yfir ráðlöögðum dagskammti, á það til að minna aðeins á sig meðan maður er enn að vakna.“

El Palenque er í um fjögurra klómétra fjarlægð frá bænum og því ekki ofraun að röltu þangað eða bara taka leigubil. Þar er meðal annars að finna

Cuba Libre Wall. Í stórum helli er El Palenque Disco, sem er bar á daginn og eins konar diskótek á kvöldin. Fínn staður til að slaka á yfir heitasta tímann og fá sér einn kaldan. Ef haldið er enn lengra frá bænum kemur maður að La Costanera. Það svæði er rúmlega 11 km frá bænum svo það er hentugast að taka leigubil þangað. Best er að semja við einn um að skutla sér þangað og sækja svo um kvöldið og borga þá. La Costanera er hár og tignarlegur veggur þar sem finna má leiðir eins og Mucho Pumpito og Flyin' Hyena sem báðar eru klassískar og stórskemmtilegar hvor á sinn hátt. Þarna má finna margar fjlölsannaleiðir, alls um 50 spannir af eðalklifri. Í La Costanera skín sólin aðeins á morgnana og því er gott að vera þar þegar heitt er í veðri.

Heimsklassasporklifur

Líklega er óhætt að segja að Armando Menocal sé sá sem mest veit um klifur á Kúbu. Þegar ég bað hann um að lýsa Viñales sem klifursvæði var hann ekki spar á stóru orðin. „Þarna er heimsklassasporklifur, skemmtilegt fólk og menning. Fullkomnir klifurdagar, milt veður og á hvíldardögum er hægt að fara á ströndina, í hellaferðir eða á hanaslag. Kúba er hugsanlega besta útvistar- og ævintýrasvæði sem um getur.“



Fjórða spönn í Flyin' Hyena (5.12a-b, 120m). Hér sést vel undir þakið sem hefur að geyma hina yfirþyrmandi lokaspönn. Til að forðast vandræði á niðurleið þarf að skipuleggja línuvinnu vel begar farið er upp.

Mynd: Björgvin Hilmarsson

Armando segist hafa farið um alla Kúbu í leit að klifursvæðum. Hann segir Viñales án efa besta svæðið en að ýmsir möguleikar séu þó á nálægum svæðum. Þegar maður er á svæðinu sést líka víða skína í bera kletta sem hafa enn ekki verið skoðaðir að neinu ráði. Armando segir reyndar að sums staðar hafi verið settar upp leiðir sem á eftir að skrá. „Það er nóg eftir, ég er með langan lista yfir heilu veggina og jafnvel dalina sem bíða þess að verða skoðaðir.“

Algengt var að sjá unga stráka sniglast innan um erlendu klifrarana. Armando segir að áhugi meðal ungs fólks á Kúbu sé mikill og að samfélag klifrara sé í mótu en staðan sé erfið þegar kemur að nýliðun í sportinu. „Klifur er eiththað sem þykir sjálfsagt í opnu samfélagi. Klifur í fátæku einræðisríki er annað mál og það krefst mikillar staðfestu og áhuga. Í gegnum sportið hafa kúbonsku klifrararnir komist í samband við erlenda klifrara og stundum uppgötvað leið til að komast burt. Þeir sem voru fyrstir til að klifra, þá með notaðan hellakönnunarþúnað, og svo þeir sem komu á eftir þeim, t.d. Aníbal Fernández og Josué Millo, sem hafa sett upp mest af leiðunum, eru allir farnir úr landi. Á innan við átta árum hafa rúllað í gegn tvær heilar kynslódir klifrara á Kúbu. Núna er þriðja kynslóð-

in að stíga fram á sjónarsviðið. Í hvert skipti sem kynslóð klifrara hverfur frá, hverfur einnig mikil þekking, reynsla og eldmóður.“

Hvað ber framtíðin í skauti sér?

Hvernig sér Armando fyrir sér framtíð Viñales sem klifursvæðis? „Kúba hefur verið uppgötvuð af fremstu kliffrum heims. Lynn Hill, Neil Gresham og hinn spænski David Brasco hafa öll komið til Kúbu til að klifra auk fjölda annarra. Greinar um frábært klifur á Kúbu hafa birst víða. Núna eru um 250 leiðir á bilinu 30-250 m sem hafa verið klifraðar á veggjum og í hellum, nóg til að halda klifrara uppteknum svo vikum skiptir.“ Greinilegt er að Armando telur að framtíðin sé björt.

Eins og fram hefur komið er nóg eftir varðandi nýjar leiðir í Viñales. En getur hver sem er sett upp nýja leið? Hvaða reglur gilda í því sambandi? „Í raun eru engar takmarkanir varðandi það,“ segir Armando. „En ég mæli með að viðkomandi vinni með Alberto eða Yarobys. Kúbanarnir eru óeigingarnir og munu hjálpa hvaða klifrara sem er.“ Craig Luebben kemst skemmtilega að orði þegar hann lýsir hversu mikil eigi eftir að gera. Best að hafa þetta á frummálinu: „*The valley alone has several lifetimes of killer routes to be climbed.*“

Það kom fyrir að þjóðgarðsvörður kom að okkur sem vorum að klifra og tilkynnti að það væri bannað að klifra í þjóðgarðinum. Þetta hljómaði einkennilega í okkar eyrum, ekki síst vegna þess að í casanu hans Oscars hangir frægt plakat þar sem sígrettur eru auglýstar og klifrari pósar í einni af leiðunum í Viñales. Að sjálfögðu er það ríkið sjálfst sem er að auglýsa. Undir lok þess tíma sem ég var í Viñales voru afskipti þjóðgarðsvarðarins orðin nokkuð tíð og fólk ekki alveg rólegt yfir því. Óneitanlega veltir maður því fyrir sér hvort að í framtíðinni verði í alvöru tekið fyrir klifur þarna eða þá að nauðsynlegt verði að vera í fylgd leiðsögumanns.


Ég viðraði áhyggjur mínar við Armando. Hann útskýrði fyrir mér viðhorf yfirvalda til íþróttu um dagana. „Áherslan hefur öll verið á ólympískar íþróttir, einstaklingssport sem er ekki keppnis-íþrótt og í eðli sínu hættulegt, rímar ekki við hina austurþýsku Sovéttíma staðalímynd sem er við lýði. Í allmögur ár hafa yfirvöld verið að velta sér upp úr því hvort þau eigi að leyfa klifur eða ekki. Raunin er sú að stundum er kliffrurum sagt að þeir þurfi að sækja um leyfi, eitthvað sem er svo ekki hægt að sækja um neins staðar og er ekki fáanlegt. Enginn hefur verið stöðvaður við klifur [sem er reyndar rangt, því við upplifðum það]. Skortur á opinberu leyfi hefur heldur ekki komið í veg fyrir að ríkið sjálfst fjalli um kúbanska klifrarar í málagni kommúnistafloksins [Granma] til að laða að erlenda klifrara, skipuleggja klifuriðburði eða hafa myndir af kliffrurum uppi á vegg í þjónustumiðstöð þjóðgarðsins í Viñales.“

Mælt er með að búnaður sé skilinn eftir á Kúbu

Það er mikilvægt fyrir þá sem fara til Kúbu að klifra að hafa í huga að það er ekki hægt að skokka út í búð til að ná sér í allt sem vantar. Nauðsynlegt er að koma með allan klifurbúnað með sér. Eina leiðin fyrir kúbönsku klifrarana til að ná sér í klifurbúnað er að komast yfir notaðan búnað erlendra klifrara og því er mælt með að fólk skilji eitthvað eftir. Þegar búnaður er skilinn eftir þarf að tryggja að hann fari til þeirra sem eru að klifra en ekki í hendurnar á einhverjum sem selur hann á næsta götuhorni eða þá að hann sé notaður sem efni í múla á asna eða önnur húsdýr eins og dæmi eru um. Ég spurði Armando út í hvar best væri að skilja við búnað og hann benti á nokkra sem stóla má á að komi búnaði á rétta staði*. Hann segir að alltaf vanti grunnbúnað eins og klifurskó, belti, línum, kalk og slíkt og segir jafnframt að eins og við öll elski kúbönsku klifrararnir aukahluti eins og prAna buxur, Metolius/BD-boli, klifurblöð og plaköt svo eitthvað sé nefnt. „Það sem vantart mest eru boltar og vinir (cams), bæði nauðsynlegt til að setja upp leiðir. Boltar og akkeri verða að vera „stainless“ eða titanium, a.m.k. 3,, x 3/8“. Varðandi fót þá eru litlar stærðir bestar, ég veit ekki um einn einasta Kúbana sem notar L-belti. Ekkert er til af beltum eða skóm fyrir krakka. Endilega ekki skilja eftir mikið slitinn búnað eða gömul fót. Það er erfitt að koma búnaði til Kúbu og synd að bisa við að flytja gamalt og úr sér gengið dót.“


Höstlerar og lið sem reynir að notfæra sér grandalausa ferðamenn, svokallaðir „jinateros“ er vaxandi vandamál. Persónulega sé ég þó ekki að

La Costanera er einstaklega follegur veggur.
Mynd: BH



Jessica Richardson
Klifrar Chipoiito (5.10a)
í Cueva Larga.
Mynd: BH

Lokaspönn Flyin' Hyena
(5.12a-b) í La Costanera.
Mynd: BH



þeir sem búi yfir lágmarksskynsemi þurfi að hafa mjög miklar áhyggjur af þessu. „Klifur er orðið það algengt og vinsælt að jinateros einbeita sér að erlendum kliffrum. Þeir bjóðast til að taka þig með til að hitta aðra klifrara og þú verður dreginn burt frá þeim stöðum þar sem klifrarar halda sig í raun. Margir segjast nauðsynlega þurfa búnað en selja hann svo. Auðvitað er þetta þinn búnaður, þínir peningar og þú ræður hvað þú gerir við hann, en ef þú vilt vera viss um að hann komist á þá sem þurfa mest á honum að halda skaltu hafa samband við Alberto eða Yarobys í Viñales eða Alexei í Havana“ segir Armando og bendir á að svo sé bara gott að kíkja til Oscars í Viñales til að hitta á aðra klifrara.

Besta 5.10 leið í heimi

Þó svo að það sé kvíkindislegt varð ég að lokum að spryja Armando hvort hann ætti sér uppáhaldsleiðir í Viñales. „Þetta er nú ekki sanngjarn. Þær eru svo margar. Til dæmis var að koma út grein eftir mig í Desnivel á Spáni (des. '07) þar sem ég nefni Mucho Pumpito sem bestu 5.10 (6a) leið í heimi.“ Þó svo að ég sé nokkur ljósár frá því að vera fær um að bera saman bestu 5.10 leiðir í heimi er eitthvað sem segir mér að þetta geti verið rétt því Mucho Pumpito er frábær leið. Fyrsta spönn byrjar inni í helli sem maður klifrar svo út úr og áfram upp í stans. Síðan tekur við mjög yfirhangandi spönn (meira en 30°) á góðum tökum með handleysuhvíldarstað í miðri spönn. Á cubaclimbing.com má finna skemmtilegar lýsingar á klassísku leiðunum og oft vitnað í fleyg orð sem féllu við fyrstu uppáferðir.

Að lokum

Eftir að hafa spurst aðeins fyrir eru líklega bara fjórir Íslendingar sem hafa einhverja reynslu af kletta-klifri á Kúbu þegar þessi grein var skrifuð. Haraldur Örn Ólafsson klifraði einn dag í Viñales fyrir nokkrum árum. Pórður Bergsson klifraði í Viñales í mánuð ásamt félaga sínum Svani Snæ Halldórsyni, en það var í kringum áramótin '04 – '05.

Eins og fyrr segir er ýmislegt að breytast á Kúbu um þessar mundir og því ekki útilokað að það geti átt við um reglur varðandi dvalarleyfi og annað í þeim dúr. Að lokum vil ég þakka Armando Menocal fyrir gagnlegar upplýsingar en hann létt mér einnig í té myndina af Craig Luebben. Hann á svo heiður skilinn fyrir að halda úti *cubaclimbing.com* svo ekki sé minnst á frumkvöðlastarf hans í aðgangsmálum klifursvæða á heimsvisu. ■

DVALARLEYFI

Vegbréfsáritun er nauðsynleg en hún gildir í einn mánuð. Hægt er að fram lengja um einn mánuð en það er hámark. Til að geta verið lengur þarf að fara úr landi og koma aftur. Best er fyrir Íslendinga að snúa sér til sendiráðs Kúbu í Stokkhólmi til að fá áritun. Áður en eyjan er yfirgefin þarf að greiða brottfarrarskatt sem er um 25 CUC og greiðist í reiðufé á flugvellinum.

BESTI TÍMINN TIL AÐ KLIFRA

Miðað við það sem við á Íslandi eיגum að venjast má segja að hvaða tími sem er henti til klifurs en líklega er desember og út mars besti tíminn. Regntíminn er frá maí til október.

AÐ KOMAST TIL KÚBU

EKKI ER HÆGT AÐ FLJÚGA TIL KÚBU FRÁ BANDARÍKJUNUM OG ÞVÍ PARF AÐ FLJÚGA BEINT FRÁ EVRÓPU EÐA Í GEGNUM MEXÍKÓ TIL DÆMIS. EITTHVAÐ HEFUR LÍKA VERIÐ UM BEINT LEIGUFLUG FRÁ ÍSLANDI.

PENINGAR

Á Kúbu eru tveir gjaldmiðlar í gangi, pesóar og CUC (Cuba Convertible Peso) sem jafngildir u.p.b. einum bandaríkjadal. Í einum CUC eru 25 pesóar. Ferðamenn eiga að nota CUC og greiða meira en heimamenn fyrir nærlit, sem er í ljósí aðstæðna bara sanngjarn.

GISTING

Ef fólk vill ekki eyða aleigunni á nokkrum vikum er best að halda sig frá hótelum og nýta sér frekar heimagistingu (casas particulares). Þar er gott fólk og gestrisið sem býður upp á góðan mat.

MATUR

Besta matinn fær maður í heimagistingunni. Veitingastaðir hafa oft ekki mikil upp á að bjóða. Á ferðamanna-hótelunum er hægt að fá meira úrval en verðið er mun hærra. Nei... það er enginn Mc Donald's á Kúbu!

BÓLUSETNINGAR

Engin mýrarkalda (malaria) er á svæðinu svo óþarfi er að bryða lyf gegn henni. Mælt er með sprautum gegn nokkrum sjúkdómum en best er að ráðfæra sig við læknivarðandi það vel tímanlega áður en lagt er af stað. Upplýsingabrunnur um klifur á Kúbu

www.cubaclimbing.com

* Hvar er hægt að skilja eftir klifurbúnað?

Við hvern er best að tala?

Í HAVANA: Alexei Suárez Rivero, Calle 104 #4108, e/41 y 43, Mariana, s: 260 4053.
alexisuarez@yahoo.com & nadia.sanchez@infomed.sld.cu

Í VIÑALES: Alberto Javíer Leivas Menéndez, Dopico Norte, Segio #7, Viñales.
albertoescalari@correoecuba.cu

Yarobys García Martínez, Rafael Trejo No 1,
s: 522 98692. osniel04017@pri.jovenclub.cu

Í Viñales er hægt að spryja heimamenn hvar megi finna Alberto eða Yarobys.



KLIFURGUÐINN ER TIL

*Texti: Guðjón Snær Steindórsson
Myndir: Svava Garðarsdóttir*

Horft frá klifursvæðinu niður til þorpsins Massouri og yfir til eyjarinnar Telendos

Hvaða klifrara dreymir ekki um flotta kletta, sól, hita og strönd? Það geri ég allavega. Þegar erlendur klifurfélagi sagði mér frá eyju í Eyjahafinu, hamnaða af klifurguðunum sjálfum, varð ég undir eins heillaður. Klifrinu lýsti hann sem algerlega einstöku og ekki spillti fyrir að þetta virtist vera einstaklega fjölskylduvænt. Það varð úr að við fórum þrýr fjölskyldur í klifur- og sólarferð til Kalymnos í ágúst sumarið 2007.

Kalymnos er grísk eyja, staðsett í Dodecanes eyjaklasanum undan ströndum Tyrklands. oft er hún kölluð Svatneyjan því aðalatvinnuvegur eyjaskeggja var lengi vel að kafa eftir svömpum og selja. Kalymnos er ekki nema 109km² að flatarmáli og þar búa 17.000 eyjaskeggjar. Höfuðborgin er Pothia og þar er einnig höfnin.

Við tókum beint flug frá Íslandi til Rhodos og þaðan ferju til Kalymnos. Siglingin tekur um 1 ½ til 4 tíma eftir því hversu hraðskreiða ferju maður tekur. Við pöntuðum gistingu á netinu áður en ferðin hófst. Verðlag á Kalymnos er hagstætt og er hægt að fá 2 manna studíó íbúð á 30-50 €/nótt. Alengasti gismöguleikinn er stúdió íbúðir sem allar eru auglýstar með einstöku útsýni yfir til eyjunnar Telendos og bestu staðsetninguna fyrir klifur. Við pöntuðum semsagt íbúð fyrir okkur með loftkælingu, verönd og frábæru útsýni. Þegar við mættum kom í ljós að ekki var alveg að marka sölumennsku Grikkjans Mikes. Íbúðin var staðsett í kjallara og

loftkælingin engin. Snævarr hafði pantað íbúð hjá næsta gististað því hann auglýsti sundlaug en þegar hann mætti kom í ljós að sundlaugin tilheyrið hótelinu við hliðina á og enginn möguleiki að fá að nota hana. Þeir eru einstakir solumenn þessir Grikkir.

Það sem gerði þó útslagið með þessa gistingu og varð til þess að við yfirlágum Mike var haninn sem vappaði um garðinn með sinn hænsnahóp. Hann hóf upp sína „yndislegu“ raust um klukkan fimm á morgnana beint fyrir utan gluggann okkar. Líraen vekjaraklukka með óhljóðum er ekki beint það sem maður kys í sumarfrísinu. Þegar upp var staðið höfðum við prófað þrýa mismunandi gististaði á 14 dögum. Á endanum fengum við topp hótel, Continental, með snyrtilegum íbúðum, ljómandi morg-



Glímt við dopasteinssnáka, Guðrún Hrefna Guðjónsdóttir í Moniáhiki Elia (6a+) í Grande Grotta



Á leið út í eyjuna Telendos, horft til baka yfir til Massouri. Klifursvæðin sjást vel fyrir ofan þorpið

unverði og sundlaug. Ekki var verra að hafa klifur búðina „The Climber's Nest“ handan við götuna.

Á Kalymnos eru yfir 40 klifursvæði með um það bil 1.000 leiðum. Mörg þeirra eru í kringum þorpið Myrtes þar sem við dvöldum. Þaðan er ekki nema 8 mínútna gangur í næstu klifursvæði.


Það er útbreiddur misskilningur að ekki sé hægt að klifra þarna allt árið þar sem of heitt sé þar yfir hásumarið. Þar sem þetta er lítil eyja er stöðug gola og andvari frá sjónum. Við vorum þarna í ágúst sem er frekar heitur mánuður, og til að forðast mesta hitann völdum við einfaldlega svæði sem voru í skugga framan af degi. Hitinn kom því ekkert sérstaklega að sök.

Klettarnir á Kalymnos eru kalksteinsklettar og það sem einkennir þá er landslagið og strúktúrarnir í þeim. Úr þökunum hanga dropasteinar, „tufas“, sem er ævintýralegt að klifra í.

Það verður ekki annað sagt en að allt sem við höfðum heyrt um klifrið á Kalymnos stóðst væntingar okkar fullkomlega. Svæðin eru mögnud og leiðirnar mergjaðar. Mjög fjölbreytt klifur af öllum gerðum og gráðum.

Pau svæði sem við klifruðum á voru:

„Afternoon wall“ sem eins og nafnið gefur til kynna hentar vel í eftirmiðdags klifur. Einnig mjög gott svæði til að byrja á með léttum og þægilegum leiðum.



Guðrún Hrefna í loftfimleikum eftir að hafa prófað Calipso. Hin fagra eyja Telendos í bakgrunni

„Panorama Wall“ og „Grande Grotta“ liggja saman og eru alger snilld. „Grande Grotta“ er væntanlega eitt frægasta svæðið á Kalymnos en eins og nafnið bendir til þá er þetta er stór hellir með svakalegum kertum og landslagi. Pess má geta að skömmu áður en við vorum þarna brotnaði eitt af stóru kertunum og lá við stórslysi þegar það splundraðist.

„Odyssey“ er mjög fjölbreytt svæði þar sem allir finna eitthvað við sitt hæfi. Slab leiðir frá 4. gráðu upp í slíttandi 9a og allt þar á milli. Það sama má segja um „Poets“ svæðið.

Það sem mér fannst einna áhugaverðast við klifrið á Kalymnos er þessi mikli fjölbreytileiki og hversu einstaklega vel þetta hentaði öllum fjölskyldumeðlimum. Stelpurnar mínar, Guðrún Hrefna og Helga Þöll eru 14 og 10 ára og gátu þær klifrað á fullu og alltaf haft nóg að leiðum sem hentuðu þeim. Fyrir þá sem kusu meiri slökun vantaði ekkert uppá sólina, stutt á ströndina og einfalt að skella sér þangað þegar nóg var komið af klettunum.


Mynstrið var yfirleitt þannig að farið var að klifra á morgnana fram yfir hádegi, þá var borðað og svo farið á ströndina. Kunnum við þessu ljúfa lífi ákaflega vel og það var augljóst að þetta yrði að endurtaka áður en langt um liði. Pess má geta að fjölskyldan er þegar búin að skipuleggja aðra ferð núna í ágúst 2008.

Ég hef komist að því að klifurguðinn er klárlega til og hann hefur haft hönd í bagga og svo sannarlegra verið að vanda sig þegar kom að hönnun og smiði Kalymnos.

Góður leiðarvísir er til fyrir eyjuna og er hann reyndar einn så flottasti sem ég hef séð. Hægt er að pantá hann t.d. á www.8a.nu eða hjá grískra alpaklúbbnum. ■



Dansað við dropasteina. Helga Þöll Guðjónsdóttir í Panselinos eða Full Moon (6b) í Panorama, konungsdæmi dropasteinanna




Guðjón Snær rauðpunktar Calipso (7a) 25m



Guðjón Snær leiðir Charles Bukowski (6c+). Snævarr heldur í spottann

Höfundur á Snowpatch í rigningu
og þrumuveður að nálgast...
best að drífa sig í skálann



Næsta stopp... Bugaboos!

eftir Friðjón Porleifsson

Home, sweet home!

Ég bý í Canmore, Alberta, sem er í hjarta kanadísku Klettafjallanna og er óhætt að segja að hér sé hægt að klifra upp á næstum hvern einasta dag árið um kring. Útsýnið héðan úr húsinu býður uppá leiðir eins og Sysiphus Summit, 21 spannar 5.10d sportklifurleið; Little Bobby OnSight, WI5 ísklifurleið; NA hryggur Ha Ling, 450m 5.6 dótaklifurleið; Rememberance Wall, 555m 5.11 dótaklifurleið og heilan helling af leiðum sem spanna 100-600m. Þetta er bara það sem við sjáum út um gluggann! Tala nú ekki um Yamnuska sem skartar meira en 135 leiðum, Ghost dalnum, og fullt af sportsvæðum fyrir þá sem vilja svoleiðis.

Grasið er alltaf gænna hinumegin

Þrátt fyrir að úrvalið sé endalaust þá kemur alltaf að því að manni leiðast heimahagarnir og fer því að plana „roadtrip“ til að svala ævintýraþránni. Alltaf er um nóg að velja. Vill maður troða loppunum í Squamish-sprungurnar, sportklifra í Skaha, takast á við alpaleiðirnar við Icefields Parkway (Mt. Rob-

son, Mt. Athabasca, Mt. Andromeda, Mt. Alberta, o.s.frv.) eða flakka á milli þeirra allra?

Bugaboos: eitthvað sem hræðir mann mjög mikið eða veldur miklum kvíða

Einn staður stendur alltaf uppúr og maður hreinlega verður að heimsækja. Það er Bugaboos í Purcell fjallgarðinum. Þar er að finna fjöldann allan af granít tindum og á þeim eru ótæmandi möguleikar á leiðum að velja úr. Enn er hægt að finna þar leiðir sem enginn hefur farið áður. Tinda eins og Bugaboo Spire, Snowpatch Spire, Howser Towers og Pigeon Spire ætti enginn fjalakkifrari að láta framhjá sér fara.

Það er ástæða fyrir nafninu Bugaboos. Til að byrja með þá er veðrattan stórhættuleg. Við Íslendingar erum ýmsu vanir, en þrumuveðrin þarna koma með ógnarhraða og það er ekki eftirsóknarvert að verða fyrir eldingu! Nokkrum sinnum hef ég kom-

ist í Conrad Kain skálann á undan veðrinu og setið við gluggann með hjartað í buxunum á meðan ég fann rafmagnið fara um skálann. Ég upplifði það einu sinni að sjá bláa strauma fara um allt járnadralslið undir Dent du Géant í frónsku Ölpunum og satt best að segja þá get alveg sleppt öllu þessu stuði ef hægt er! Sem sagt: berið virðingu fyrir aðstæðum þegar skýin hreyfast hratt og verða dimm.

Olíubað

Það þarf svo sem ekkert að minnast á að mörgum þarf að bjarga hér og þar! Félagi minn, Kirk Mauthner sem einhverjir björgunarsveitargúrúar á Fróni þekkja líklega, hefur farið ófáar ferðirnar til Bugaboos til að losa fólkí úr allskyns klípum. Sú besta var líklega alvöru klípa, í orðsins fyllstu merkingu. Þar hafði einhver ólánsamur kliffrari dottið rétt undir Gendarm spírunni á Kain-leiðinni á Bugaboo Spire og fest sig í klettasprungu! Þegar Kirk og félagi komu á staðinn og áttuðu sig á því sem komið hafði fyrir, þá sáu þeir að ekki yrði auðvelt að ná þeim fasta uppúr sprungunni. Ýrslur bjarga oft deginum, þannig komast björgunarmenn fljótt á slystað. Eftir stutta umhugsun báðu þeir flugmanninn um að bruna niður í CMH Bugaboo skálann, sem er neðar í dalnum! „Find all the Canola-oil you can get your hands on!!!“ voru fyrirmælin og þegar búið var að löðra fasta gaurinn vel var ekkert mál að dobbla hann uppúr sprungunni – hann komst meira að segja án teljandi áverka uppúr, fyrir utan rispurnar sem hann hlaut við að detta ofan í auðvitað. Kinkí, en virkar!

Sígildar leiðir

Það er ekki að ástæðulausu sem NA Hryggur Bugaboo Spire var valinn ein af bestu leiðum N-Ameríku í bókinni 50 Classic Climbs of N-America. Leiðin er 450m (ca. 12 spannir) og býður upp á gæða granít með skemmtilegum hreyfingum. Ekki spillir útsýnið af 3.176m háum tindinum. Gráðan er 5.8 en staðsetning leiðarinnar á hryggnum er ekki fyrir lofthrædda þar sem oftast er ekkert nema nokkur hundruð metra fall til beggja átta. Gott er að byrja snemma til að forðast aðra klifrara, þar sem þetta er frekar vinsæl leið.

Snowpatch Spire er 3.084m háur tindur sem lengi var talinn ókleifur. Það var ekki fyrr en árið 1940 að tindinum var náð og var hann þá síðasti óklifni tindurinn á svæðinu. Síðan þá hafa verið settar upp


margar mjög erfiðar leiðir á tindinn. Snowpatchleiðin sjálf er gráðuð 5.9, 19 spannir af ótrúlega skemmtilegu klifri. Sigð er niður Krauss-McCartney leiðina sem er 5.8/9 og eru þessar tvær leiðir þær auðveldustu á Snowpatch Spire.


**Find all the Canola-oil you can
get your hands on! voru fyrirmælin og
þegar búið var að löðra fasta gaurinn vel
var ekkert mál að dobbla hann uppúr**

Becky-Chouinard leiðin á South Howser Tower býður upp á ca. 20 spannir af 5.8/9 klifri með 5.10 spönnum inn á milli. Þetta er önnur leiðin á svæðinu sem komst inn á listann sem ein af bestu leiðunum í bókinni 50 Classic Climbs of N-America. Þetta er ein af þeim leiðum sem allir vilja hafa klifrað á sínum ferli.

Það er auðvelt að segja að V-hryggur Pigeon Spire sé einhver flottasta 5.4 leið í heimi, - allavega

Höfundur á toppi Pigeon Spire.





Höfundur að pósa á Pigeon með Howser fjallahópinn í baksýn. Becky-Chouinard er á bakhlið þessara fjalla.


besta 5.4 sem ég hef klifrað. Jafnvel fyrir þá sem líta á sig sem of hardcore til að klifra þessa gráðu þá mæli ég samt með henni. Staðsetningin er mögnum og 360° útsýnið er óaðfinnanlegt! Tindurinn er í 3.124m hæð.

Almennar Upplýsingar

Til að komast til Bugaboos er best að byrja á því að finna þorpið Brisco, sem er suður af skíðabænum Golden þar sem nokkrir Íslendingar hafa dvalið undanfarna two veturnar. Frá Brisco er 46km malarvegur sem liggar að Bugaboo Provincial Park. Þar eru skilti sem vísa leiðina.

Við bílastæðið er að finna girðingarefni sem er notað til að girða umhverfis bíla á stæðinu- nauðsynlegt ef þú hefur ekki áhuga á að allar gúmmileiðslur í skrjóðnum verði étnar af nagdýrum.

Frá bílastæðinu er um 3 klst ganga upp 720m til að komast að Kain skálánum. Klukkustundar gangur í viðbót kemur manni að tjaldsvæðinu sem er á berri granítklöpp. Báðir staðirnir bjóða uppá stórkostlegt útsýni og báðir hafa sína kosti og galla. ■



Erin undir Pigeon Spire í morgunsólinni.

Conrad Kain skálinn

- Dýrt að gista og lengra að klifurleiðunum.
Allt sem þarf til eldunar er til staðar og óþarf að koma með dýnu. Nog að koma með þunna svefnpoka. Sem sagt minna að bera!
- Tekur 40 manns í svefnpláss -
ekki gleyma eyrnatöppnum!
- Bókið með fyrirvara

Applebee Dome tjaldsvæðið

- Ódýrt og nær klifrinu, þarf að bera allt á bakinu.
- Ég hef verið í skálánum og horft á marga yfirgefa tjaldsvæðið vegna mikilla rigninga!
- Nánari upplýsingar um skálana er að finna á www.alpineclubofcanada.ca

Frekari upplýsingar

- BC Parks www.bcparks.ca
- The Bugaboos: One of the World's Great Alpine Rockclimbing Centres eftir Atkinson og Piché. Þetta er lang besta topóþókin fyrir svæðið!
- Kootenay Rockies Tourism:
www.kootenayrockies.com



Innanhússklifur með stæl

eftr Jón Viðar Sigurðsson

Vinsældir sportklifurs og grjótgímu innanhúss fara stöðugt vaxandi um allan heim og eru sífellt að bætast við nýjar klifurmiðstöðvar eða klifurveggir. Þetta á sér margar skýringar. Borgarbúar eiga oft um langan veg að fara að næsta klifursvæði og er þá gott að geta viðhaldið þjálfuninni í gerviveggjum. Sama er að segja um veturna þegar of kalt er að klifra úti. Þá hafa klifurmiðstöðvarnar laðað marga að klifuríþróttini og fjöldi fólks stundar einungis klifur innanhúss. Flestar klifurmiðstöðvar hafa risið í Evrópu og Bandaríkjunum. Á Íslandi hefur almenningur aðgang að Klifurhúsinu og veggnum í fimeleikahúsi Bjarkanna.

Ein klifurmiðstöð nýtur nokkurrar sérstöðu fyrir utan að vera sú stærsta í heimi en það er EICA (Edinburg International Climbing Arena) sem er við þorpið Ratho, rétt vestan Edinborgar. Saga þessa ógnarstóra klifurhúss má rekja aftur til ársins 1995 en þá vaknaði sú brjálæðislega hugmynd að kaupa námu sem hafði verið yfirgefin í 90 ár og byggja yfir hana klifurmiðstöð. Ekki settu menn það fyrir sig að náman hafði verið fyllt með 250 þúsund tonnum af möl. Prátt fyrir að kostnaður hlypi á mörgum milljörðum við að tæma námunu og byggja miðstöðina var hafist handa og

í lok árs 2003 opnaði þessi glæsilega klifurmiðstöð undir nafninu Ratho Adventure Center. Arkitektinn, David Taylor hannaði húsið í samvinnu við klifrarana Rab Anderson og Duncan McCallum. Kostnaðurinn var um 4.500 milljónir ISK. Greinarhöfundur heimsótti Ratho 2004 og 2005. Í bæði skiptin var greinilegt að aðsókn var takmörkuð þrátt fyrir ótrúlega heillandi aðstöðu. Það fór því svo að húsið lokaði árið 2006. Íþróttaráð Edinborgar ákvæð að taka reksturinn að sér og opnaði húsið aftur sumarið 2007 undir nafninu EICA-Ratho.





Aðalsalurinn er 3.600m² að flatarmáli og mynda náttúrulegir klettaveggir umgjörðina að hluta. Lofthæð er rúmir 30m og dagsbirtan á greiða leið inn um glerveggi og segldúk í lofti. Tíffinningin er því eins og um utanhússklifur sé að ræða. Salurinn státar af fjórum klifurveggjum. Einn er mest notaður fyrir námskeið og klifur í ofanvaði. Aðalveggurinn býður upp á ótrúlega fjölbreytt leiðsluklifur og þessu til viðbótar eru tveir keppnisveggir sem eru þó almennt opnir til klifurs. Leiðirnar sem skipta hundruðum eru allt að 28m háar af gráðum 2 til 8b. Yfir salnum er síðan „skyride“ þrautabraud. Grjótgímuaðstaða er líka fjölbreytt. Í miðjum salnum eru þrír ofvaxnir 4 m háir hnnullungar með fjölbreyttum þrautum. Þessu til viðbótar er síðan sérstakt grjótgímuher-




bergi. Hér má finna þrautir af gráðum V0 til V15. Flatarmál klifurveggja er yfir 3.000m² og grjótgímuveggir eru um 600m².

Klifursalurinn tengist fimm hæða byggingu þar sem er að finna veitingastað, íþróttasali, sundlaug, fundarsali, búningsaðstöðu auk útvistarverslunar.

Íþróttaráði Edinborgar virðist hafa tekist vel til við að rífa upp vinsældir hússins og í síðustu heimsókn, vorið 2008, iðaði allt af lífi. Sérstaklega var ánægjulegt hvað mikið er lagt upp úr að gera húsið aðgengilegt fyrir börn, bæði með klifurnámskeiðum og annari skemmtun.


Það er hiklaust hægt að mæla með heimsókn til EICA. Frá flugvellinum í Glasgow er aðeins rúmlega hálftíma akstur til Ratho. ■



Hnappavallahamrar klifurhandbók

Nýr leiðarvísir með upplýsingum um
allar klifurleiðir á Hnappavöllum

Fæst í Klifurhúsinu
Skútuvogi 1G



- 1 Guðmundur Freyr klifrar Pillar of the Sea (6a+) á Kalymnos
2 Berglind Áðalsteinsdóttir fangar drýlið í Argasta snilld (5.8) á Hnappavöllum
3 Sigurður Tómas Þórisson klifrar La muerte del sponsor (7b+) í Siurana
4 Valdi uppgötvar Leyndardóm slátrarans (5.10d) á Hnappavöllum. Jósef Sigurðsson tryggir
5 Sædis Ólafsdóttir glímir við Stóru mistökin (5.9) að Munkaþverá
- 6 Sæ...
7 Rób...
8 Sig...
9 Guð...




6

Sigurður Tómas Þórísson




7

Björgvin Hilmarsson



8

Björgvin Hilmarsson



9

Sigurður Tómas Þórísson

- 6 Sædis Ólafsdóttir teygir skankana í þetta eru fífl, Guðjón (5.8) á Hnappavöllum
7 Róbert Halldórsson klifrar Sayonara baby (7b+) í Siurana
8 Sigurður Tómas Þórísson klifrar Pendre la tête (7a+) í Siurana
9 Guðlaugur Ingi fagnar vori í Páskaliljum (5.6). Skarphéðinn gónir á ófarnirnar

Endurreisn Tindfjallaskála

Í veturnar varð til stór hópur manna og kvenna innan Ísalp sem kalla sig „Vinir Tindfjallaskála“ og hefur það að markmiði að vinna að endurbótum, rekstri og viðhaldi Tindfjallaskála. Þeir sem þekkja ástand Tindfjallaskála í dag vita að ástand hans er afar bágborið og alveg ljóst að skálinn polir ekki afskiptaleysið öllu lengur.

Tindfjallaskáli er mikilvægur menningararfur og nátengdur sögu fjallamennsku á Íslandi. Hann var reistur í kringum miðja 20. öldina af Fjallamönnum, fyrsta eiginlega félagi um fjallamennsku sem stofnað var af Guðmundi frá Miðdal, en segja má að þeir verið undanfarar ÍSALP. Þeir reistu einnig fyrsta skálann á Fimmvörðuhálsi, sem fauk í heilu lagi einhverjum árum síðar. Bæði húsin voru reist sem fjallaskálar og eru líklega þau fyrstu sinnar tegundar hér á landi. Ísalp hefur haft umsjón með Tindfjallaskála ófá ár en reglulegt viðhald skálans síðustu árin hefur verið mjög stopult, unnið af fáum og af vanefnum. Nú er svo komið að ástand skálans er orðið mjög slæmt aðgerða er þörf!

Hópurinn hefur þegar starfað í nokkra mánuði og ýmislegt hefur verið gert. Farið hefur verið í vettvangsferðir til að meta ástand skálans, unnið að verk- og kostnaðaráætlun auch þess sem leitað hefur verið styrkja hjá fyrirtækjum og félagasamtökum. Vettvangsferðirnar hafa leitt í ljós að ástand skálans er það bágborið að viðgerð á honum verður ekki unnin á staðnum svo vel sé. Því hefur verið ákveðið að flytja skálann til Reykjavíkur til gagngrarr yfirhalningar en ætlunin er að halda sem mest í upprunalegt útlit skálans. Í sem stystu máli hljóm-

ar verkáætlun þannig að í ágúst 2008 verður skálinn sóttur upp í Tindfjöll og færður til Reykjavíkur. Þar verður þess kappkostað að endurnýja ytri klæðningu og burðarvirki og gera skálann tilbúinn fyrir veturninn en svo verður skálinn tekinn í gegn að innan. Stefnt er að því að koma skálanum fyrir á fyrri stað í ágúst 2009 eftir ársfjarveru frá sínum náttúrlegu heimkynnum.

Ljóst er að svona verkefni kostar talsvert. Stjórn Ísalp hefur samþykkt að styrkja verkefnið eins rausnarlega og Ísalp hefur burði til. Það nægir þó einungis til að tryggja fyrstu hluta verksins og því vantart enn fármagn til að ljúka verkinu svo sómi sé af, auk þess er það ætlun hópsins að Ísalp beri sem minnstan beinan kostnað af framkvæmdinni.

Hópurinn er því þegar byrjaður að leita styrkja en fanga er leitað víða og á ýmsu formi - fjármagni, efni, tækjanotkun og vinnuframlagi. Síðast en ekki síst vill hópurinn biðla til hins almenna félaga ÍSALP. Tindfjallaskáli snertir marga félaga í klúbbnum og margir eru tengdir honum tilfiningaböndum og vilja án efa veg hans sem mestan. Það er því von hópsins að sem flestir félagar Ísalp vilji styrkja þetta verkefni með fjárframlagi. Hópurinn og stjórn Ísalp munu á næstunni koma þeim upplýsingum til félagana hvernig þeir geti komið að endurnýjun Tindfjallaskála. Það er von hópsins að sú upphæð sem safnast muni auðvelda framkvæmdina til muna og tryggja það að engu verði til sparað við endurnýjun skálans!

Með von um jákvæð viðbrögð!
Vinir Tindfjallaskála




Kaldakinn við Skjálfanda


Leiðarvísir að ísklifursvæðinu að Björgum í Út-Kinn

eftr Sigurð Tómas Þórísson

Í nyrsta hluta Kaldakinnar í Þingeyjarsýslu er glæsilegt ísklifursvæði. Klettabeltið liggur milli Straumlækjar rétt norðan við bæinn Björg og endar í Náttfaravíkum á Skjálfanda. Beltið er í Ógöngufjalli.



Aðkoma	Frá Akureyri eru rétt rúmir 70km að bænum Björgum. Frá Reykjavík til Akureyrar eru 388km. Þjóðvegur 1 er ekinn frá Akureyri áleiðis til Húsavíkur og Mývatnssveitar. Þegar komið er út Ljósavatnsskarð er beygt norður inn á þjóðveg 85 til Húsavíkur. Þegar komið er um 15km út Kaldakinnina kemur vinkilbeygja yfir Skjálfandafljótið. Þaðan er beygt áfram til norðurs inn í Út-Kinn. Þaðan er keyrt beint norður ca. 12km að bænum Björgum. Sú leið ætti að vera fær allt árið (nema kannski rétt eftir snjóbyl). Frá Björgum er svo jeppaslöði sem liggur norður meðfram klettabeltinu niður að sjó og er hann fær litlum jeppum og jafnvel stærri fólksbílum þegar snjólétt er. Ef slóðinn er ófaer er ca. 1-5km gangur frá Björgum að ísleidunum.
Gisting	Kennarasambandið á hús að Björgum og er það stundum leigt út til einkaaðila á veturna. Hafið samband við bónðann á Björgum til að fá upplýsingur um þann möguleika. Gistingu er að fá á ferðaþjónustubænum Rauðuskriðu, 464 3504, hotel@hotelraudaskrida.is, handan við Skjálfandafljótið. Einnig gæti verið hægt að fá svefnþokapláss í Ljósvetningabúð, nokkru sunnar í Kinninni. Svo er auðvitað hægt að gista á Akureyri eða á Húsavík og keyra bara aðeins lengra.
Um ísklifrið	Á svæðinu eru rúmlega 40 skráðar ísleiðir en enn eru margar línum ófarnar á svæðinu af flestum erfioleikastigum. Nokkrar fleiri leiðir eru skráðar en staðsetning þeirra er ókunn. Hugsanlega eru því einhverjar leiðir rangnefndar og/eða „rangfeðraðar.“ Lengd leiða á svæðinu er frá 20-30m „smáfossum“ allt upp í tæplega 200m risaleiðir og að sjálfsögðu öll flóran þar á milli. Erfioleikar leiða er allt frá W13 upp í M9+. Hægt er að finna enn léttari fossa í þílinu beint ofan við Björg. Súluritið að ofan gefur góða hugmynd um erfioleikastig leiða á svæðinu. Sérstaklega ber að varast snjóflóðahættu í Rennunum en einnig eru þær leiðir varasamar eftir hlákutið vegna grjóthruns úr klettaveggjunum. Mælt er sérstaklega með Glassúr svæðinu, þ.e. nyrsta svæðinu alveg norður með sjó. Annars hefur málamynda stjörnugjöf verið hent á nokkrar góðar leiðir.
Tímabil	Eins og gengur á landinu fagra er engu að treysta með veðrið og ísmyndun. Því er litlu hægt að lofa um hvort aðstæður eru vænlegar í Kinninni á ákveðnum árstínum. Þó er gott til þess að vita að það er nokkuð stöðugt temmilegt vatnsrennslí fram af klettabeltinu þannig að ef frost hefur verið á Norðurlandi í einhverjar vikur þá er ekki ólíklegt að útlitið sé bjart. Ekki sakar að hrингja í bændur á Björgum eða í Árteigi (örlítið sunnar) til að spryrjast fyrir um ísmyndun



Mynd: GFJ

Stekkjastaur

1-2,5km frá Björgum

A1) Wish you were here

WI 6+, 40m

Upp nokkur kerti í stóra slúttinu sunnan við Sólhvör. Leiðin er tileinkuð Hari Berger, fyrrum klifurfélaga frumfarenda, en hann lést skömmu áður í ísklifurslysi.

24. feb 2007: Ines Papert, Audrey Gariepy

A2) Sólhvörf

WI 4, 3 spannir

Syðst í klettunum.

Des 1994: Karl Ingólfsson, Jóhann Kjartansson

A3) Captain Hook

WI4, M9/9+

Upp slúttið sunnan við Dönsku leiðina. Byrjar í WI4, síðan yfir í 15-20m íslaust klifur (boltað) upp á stórt kerti (þar er gerður stans), þaðan upp klettinn (boltað) í minna kerti, þar til komið er inn í aðal ísbunkann.

27. feb 2007: Albert Leichtfried, Markus Bender

A4) Flowers and Puffins

WI 3+, WI 6

Upp nokkur létt höft sunnan við Dönsku leiðina upp að stóra slúttinu. Þaðan upp 15-20m bratt kerti upp í aðal ísbunkana fyrir ofan.

24. feb 2007: Ines Papert, Audrey Gariepy

A5) Danska leiðin

WI 4+, 100m

Des 1993: Tómas G Júlíusson, Karl Ingólfsson

A6) Swimming in the Burning Soup

WI 5+, WI 6,

Upp þunn kerti norðan við Dönsku leiðina og upp á stóra snjósyllu. Þaðan upp ca. 10m kerti og svo upp tvö minni höft upp á brún.

24. feb 2007: Ines Papert, Audrey Gariepy

A7) Tangó kálfanna,*

WI 4+, 120m

Áberandi slabbleið vinstra megin í geil norðan við Dönsku leiðina. 50m af WI2-3, 50m af WI4+ og að lokum 20m bratt mosaklifur upp á brún.

24. feb 2001: Guðmundur H Christensen, Jórunn Harðardóttir

A8) Ræsið

WI 3+, 120m

Breiður foss inni í stórrí þróngri skoru/gljúfri norðan við Tangó kálfanna.


24. feb 2001: Jón Gunnar Þorsteinss., Húnþogi Valsson

A9) Stekkjastaur, ***

WI 5/5+, 120m

Sírt kerti, sem ekki vex alltaf niður. 20m lóðrétt/yfirhangandi fyrst, síðan 50m WI4, svo brött/tæknileg 50m WI5.

25. des 1996: Karl Ingólfsson, Tómas G Júlíusson



Mynd: Róbert Halldórsson

Girnd

3 km frá Björgum

B1) Girnd

WI 5, 130m

Norðan í horni sem skagar út úr miðju klettabeltinu. WI3-4 fyrsta spönn, síðan tvær brattar spannir.

27. des 1996: Hallgrímur M., Karl I., Tómas G J

B2) Sýnishornið

WI 5, 80m

Byrjað er lengst til hægri og klifrað upp til vinstri. Miðhlutinn er erfiðastur.

23. feb 2001: Páll Sveinsson, Þorvaldur Þórsson

B3) Græðgi, **

WI 5, 70m

Sólóað eða farið á hlaupandi upp létt slabb upp að sjálfum fossinum, þar sem taka við brattir og krefjandi 30-40m að slabbsyllu. Þaðan eru svo 20m. WI4 klifur upp á topp.

24. feb 2007: Róbert H, Sigurður T, Einar R Sigurðsson

B4) Upprisa svínanna

WI 4+, 150m

23. des 1996: Tómas G J, Karl I., Jóhann K

B5) Kostulegir postular

WI5, 130m

Jói 2004: Freyr Ingí Björnsson, Tryggvi Þórðarson

B6) E300

WI 5, 130m

Neðstu 70m eru brattir, restin dettur niður í 60-70°.

28. feb 2001: Guðmundur H. Christensen, Jórunn Harðardóttir

B7) E222

WI 5, 125m

24. feb 2001: Páll Sveinsson, Þorvaldur Þórsson



B8) Sóðakjaftur

WI 5-, 120m

Fylgir ystu línumni til hægri upp á syllu. Tæp traversa (15m) á syllunni til vinstrí út í megin ísinn.



24. feb 2001: Jón Haukur og Styrmir Steingrímssynir

B9) Öskubuska

WI 4, 110m

Hægra megin í breiða slabbinu ofan við B8). Tiltölulega afn bratti alla leið.

Í Mar 2008: Berglind Áðalsteinsdóttir, Helga Björt Möller



Myndir: Sigurður Tómas Þórísson

Rennurnar

3,5 km frá Björgum

C1) Gleymaskan

WI 4, 130m

Beint upp ísflákann. Einna bröttust um miðbikið. Í áberandi rennunnan við Drífu.

23. feb 2001: Jón Haukur, Steingrímsson, Karl Ingólfsson

C2) Drífa

WI 4-5, 180m

Byrjað á bröttum fossi í fyrst spönn, þá koma tvær aflíðandi spannir eftir snjó og ísfláum. Síðasta og erfiðasta spönnin er í bröttum fossi.

Í Des 1994: Hallgrímur Magnúss, Karl Ingólfss, Tómas G Júlíusson

C3) Frygð

WI 5, 150m

Næri lóðrétt utan 30m kafli af brattri snjó- og ísbrekku.

Í Des 1993: Hallgrímur Magnússon, Tómas G Júlíusson

C4) Miðnæturhraðlestin

WI 4, 180m

Auðveld í byrjun. Erfiðleikarnir liggja í 20m kerti um miðbik leiðarinnar. Nokkuð jafnbrött eftir það.

23. feb 2001: Helgi Borg Jóhannsson, Jón Gunnar Þorsteinsson

C5) Flagan

WI 3, 150m

Jafn bratti alla leið.

23. feb 2001: Sigurbjörn Gunnarsson, Stefán Páll Magnússon

C6) Hlæjandi fýlar

WI 4-, 160m

Grenileg lína sem liggur milli Flögunnar og Íssólar. Skemmtileg leið sem er klifin í 3 spönum. Fyrstu tvær mynda erfiðleikana og er sú seinni heldur brattari.

23. feb 2007: Arnar E, Berglind Áðalsteinsd, Demian Schane


C7) Íssól, **

WI 4-, 170m

Vinstra megin við stóra klettarið. Nokkuð brött 55m spönn í byrjun en svo smá slaknar á brattanum.

ATH! Þessi leið er undir einum stærsta snjóflóða-farveginum á svæðinu!

12. jan 2007: Jökull Bergmann, Arnar Þór Emilsson



Mynd: Róbert Halldórsson

Gilin

4km frá Björgum

(engin mynd fylgir þessu svæði)

D1) ...og heilagur andi (...und der heiliger Geist) WI 3+, 50m

Leiðin er sunnan megin við leiðina Faðir og sonur... í gili norðan við Íssól. Byrjar á allbröttu hafti sem fjarar út. Brattinn minnkar eftir því sem ofar dregur. Leiðina er hægt að fram lengja um 100m af þægilegu klifri.

23. feb 2007: Stefán Ö Kristjánsson, Sveinn F Sveinsson

D2) Faðir og sonur... (Vater und Sohn...) WI 3, 70m

Nokkra metra norðan við leið D1). Klifin í tveimur spönnum.

23. feb 2007: Haraldur G, Andri Bjarnas, Sigurður Skarph.

D3) Vörtusvínið WI 3, 60m

Breiður foss norðan við D1) og D2). Þægileg WI3. Seinni hlutinn er brattari en sá fyrri.

24. feb 2001: Sigurbjörn G, Stefán P M, Jón Marinó S

Dramb

4,5 km frá Björgum

E1) Meyjarhaftið WI 4, 30m

Einnar spannar mjór foss.

24. feb 2007: Guðmundur F Jónsson, Arnar Jónsson

E2) Mr. Freeze WI 6, 40m

Brött leið upp fríhangandi eða mjög þunnt kerti (nema í mjög feitum aðstæðum).

Í feb 2008: Ian Parnell, Neil Gresham

E3) Knúsumst um stund, * WI 4+, 80m

Í mar 2008: Berglind, Arnar P, Sigurður Tómas

E4) Blár dagur WI 4 ?, 90m

1993-1995: Karl I, Óttar KJ, Sigurður Sæm.

E5) Öfund, ** WI 5-, 90m

Brött og krefjandi 50m fyrri spönn að syllunni. WI4/4+ seinni.

Í mar 2008: Sigurður Tómas, Guðlaugur Ingi

E6) Dramb, *** WI 5, 100m

Löng tæknileg fyrri spönn upp að syllu. Vandamamt WI4-5 klifur í þynnri ís upp á brún.

24. feb 2007: Sigurður T P, Róbert H, Einar R Sig.

Glassúr

5 km frá Björgum

F1) Limrusmiður, **

WI 4, 40m

22. des 1996: Karl I, Húnþogi Valsson, Jóhann Kjartansson

F2) Í votri gröf, **

WI 4+, 35m

Upp slabb framan af. Síðan 10m bratt kerti og endar í slabbi.

Mar 2008: Sigurður Tómas, Guðlaugur Ingi

F3) Maldon salt

WI 4, 40m

Feb. 2007: Skarphéðinn og fleiri

F4) Salt í sárin

WI 4, 40m

Hægra megin í sama fossi og F3

Feb. 2007: Skarphéðinn og fleiri

F5) Remúlaðisleikjó, **

WI 4+, 40m

Upp mjótt kerti vinstra megin í íspilinu.

Feb. 2007: Freyr Ingi Björnsson, Smári Stefánsson

F6) Skegg spámannsins, ***

WI 4+, 40m

Upp tjaldið hægra megin..

Festival 2007: Skarphéðinn, Guðlaugur Ingi, Freyr

F7) Synir hafsins, **

WI 4+, 40m

Byrjar á 15m af krefjandi lóðréttum höftum, léttist eftir það.

Í mar 2008: Sigurður Tómas, Guðlaugur Ingi

F8) Glassúr, **

WI 4+, 40m

Leiðin er norðarlega í klettabeltinu, nálægt sjónum.

23. des 1995: Karl I, Jóhann K og Hallgrímur M

F9) Úr djúpinu, ***

WI5, 40m

Bratt haft fyrir miðri leið.

Í feb 2007: Ines Papert, Audrey Gariepy

F10) Við fjöruborðið

WI5 ?, 50m

Ofan við klettafjöruna. Byrun á kafi nema á fjöru. Staðsetning óljós...

Í feb 2007: Ines Papert, Audrey Gariepy

Utan svæða

eða óstaðsettar

1) Björg í bú

WI 3, 1 spönn

Sunnan við dalverpið í lágu hömrunum, nálægt Björgum.

27. des 1996: Hákon Ásgrimsson, Helgi Borg, Jón Marinó S

2) Losti

WI 5, 130m


27. des 1996: Hallgrímur M, Tómas G J, Karl I

3) Reki

WI 4, 60m


Nyrst á klifursvæðinu og mun vera einfaldur og brattur ísfoss.

Vetur 1994-1995: Karl I, Tómas G J, Jóhann K, Sigurður Sæm



Mynd: Róbert Halldórsson

Snertu á nýjum ævintýrum



Garmin Oregon™ GPS með snertiskjá.

Oregon GPS handtæki með snertiskjá gerir alla útvist einfaldari. Þetta sterkbyggða og vatnshelda leiðsögutæki er afar einfalt í notkun og færir þér björt þrívidaarkort, hæðarmæli með loftvog auk áttavita á silurfati. Hvort sem þú ert í fjallgöngu, á hjóli, í bílnum eða bátnum, það eina sem þarf að gera er að snerta skjáinn og halda af stað. Útvistin verður bara skemmtilegri. Þú getur deilt leiðum og upplýsingum með vinum þínum eða sett aukakort fyrir það svæði sem þú ætlar að fara, hvort sem þú fylgir vegi, vatni eða ert í óbyggðum. Garmin Oregon kemur þér í snertingu við ævintýrin.

Fylgdu þeim fremsta!

www.garmin.is

GARMIN®



ANNÁLL ÍSLENSKRAR FJALLAMENNSKU 2007 - 2008

Þilið í Eilífsdal í desember 2007.

Mynd: Guðlaugur Ingi Guðlaugsson

Eins og svo oft áður bárust ritnefnd upplýsingar um fjölda spennandi ferða og leiða sem félagar í klúbbnum fóru síðastliðin ár. Hinsvegar vitum við líka að margar ferðir eru farnar sem við fáum aldrei veður af. Við hvetjum því félaga í klúbbnum, unga sem aldna til að senda okkur stutta línu þegar þeir fara út fyrir landsteinana að príla, eða setja upp nýjar leiðir hér heima. Annáll Ísalp er merk heimild um sögu og framþróun fjallamennsku á Íslandi, hjálpuumst að við að gera hann sem veglegastan ár hver.

Sú nýbreytni verður gerð frá og með þessum annál að láta hann ná frá áramótum 2006/'07 og teyga sig inn á vorið 2008. Er það gert til þess að fréttir í þessum annál séu upp að einhverju marki ferskar en ekki bara 1-2 ára gamlar tuggur. Munu annálar ársrita framtíðarinnar því ná frá vori til vors.

ÚTLÖND

Sportklifurferðir íslendinga eru orðnar nánast daglegt brauð og hafa fjölmargar slíkar verið farnar af félögum í klúbbnum undanfarna two vetur. Róbert Halldórsson, Skarphéðinn Halldórsson, Björgvin Hilmarsson, Sigurður Tómas, Guðlaugur Ingi Guðlaugsson, Björk Hauksdóttir og Sædís Ólafsdóttir fóru í Spánarsprikl kringum pásku 2007. Var byrjað í Siurana og gekk prílið þar sérdeilis prýðilega þrátt fyrir nokkurn kulda og vosbúð. Eftir 2 vikur


og rigningarspá framundan var ákveðið að flýja yfir hálf landið til El Chorro og dvalið þar síðustu vikuna. Róbert rauðpunktaði 8a leiðina Anabolica og varð þar með níundi Íslendingurinn til að ná þeirri gráðu, Sigurður fór 7c, Björgvin og Skarphéðinn 7a, Björk og Sædís 6b+ og Guðlaugur 6b.

Guðlaugur og Skarphéðinn sóttu Björgvin heim í Barcelona síðar á árinu. Klifruðu þeir í stórandarlegu tilbúnu klifursvæði inni í borginni, ásamt því að ferðast um svæðin Gelida og Montserrat í Katalóniu.

Klifurparadísin Kalymnos var vinsæl með Ís-alpara undanfarin ár. Pangað brugðu gömlu refirnir Guðjón Snær Steindórsson og Snævarr Guðmundsson sér með börn og buru sumarið 2007. Fundu allir klifur við sitt hæfi enda mikið lagt upp úr fjölskylduvænni ferðamennsku á svæðinu. Guðjón rauðpunktaði hæst 7a en ekki bárust fregnir af hetjudáðum Snævarr. Nánar má kynna sér Kalymnos í grein eftir Guðjón á bls 50.

Sama sumar smelltu Guðmundur Freyr (hinn stóri), Arnar og Óðinn sér einnig til Kalymnos ásamt föruneyti en ritnefnd bárust ekki nánari fregnir af afrekum piltanna.

Björn Baldursson, Stefán S Smáason og Jón Viðar Sigurðsson brugðu sér svo til Kalymnos með spúsur og afsprengi úr haustmuggunni á Fróni í



Siggi í Tívolí (5.12b) á Hnappó.

Mynd: Ásbjörn Hagalin Pétursson

október 2007. Af viðstöddum rauðpunktaði Björn Járnhaus erfiðast, leiðina Poliferno, 7c.

Stór hópur klifrara fór til Siurana og Montsant yfir jól og áramót 2007-’08. Bar þar helst til tíðinda að Kristján Þór Björnsson og Kjartan Björn Björnsson fóru báðir 8a+ (5.13c) leiðina A Cara Que no Miente í l’Olla í Siurana og Kristján fór einnig 8a+ leiðina Falconetti í Montsant. Hafa þar með fjórir landar tosast upp þá merku gráðu. Aðrir í ferðinni bættru einnig flestir sinn besta árangur en ritnefnd bárust ekki nánari fréttir af því.

Kristín Marta Hákonardóttir og Árni Már Sturluson brugðu sér til Ceuse í Frakklandi í ágúst 2007.

Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir og Elsa Gunnarsdóttir fóru í febrúarmánuði í fylgd þriggja annarra skíða og brettastulkna í snjókönnumnarleiðangur í Kákasusfjöllin. Skíðað var í hlíðum Elbrus fjalls sem nokkrir Íslendingar þekkja kannski betur við sumaraðstæður. Einnig voru skíðaðar leiðir ofan skíðalyftu í Cheget fjalli. Þurfti að troða snjó á landmærahryggjum Georgíu og héraðisins Kabardino Balkaria til að komast í girmileg gil og skálar. Þrátt fyrir ógnandi landamæraverði, sköflungsbrotn samferðakonu og þúðurskort er ljóst að fjallahéraðið hefur upp á endalausa möguleika að bjóða. Ósnertir fíallstoppar og hlíðar kalla hreinlega á að þangað verði farið aftur í skíða- og fjallamenntskuleiðangur.

Pórður Bergsson eyddi talsverðum tíma í Kan-

ada undanfarin ár. Í ársbyrjun 2007 spændi hann upp brekkurnar í Golden skíðasvæðinu. Í september 2007 heimsótti hann svo Friðjón Þorleifsson sem þýr í Canmore og klifruðu þeir á svæðum í nágrenni bæjarins, meðal annars Eisenhower Peak í Banff þjóðgarðinum.

Freyr Ingi Björnsson og Jón Heiðar Andrésson ásamt fríðum flokki manna og kvenna eltu þúðrið víðsvegar um vesturströnd Kanada frá febrúar og fram í apríl 2008.

Í febrúar 2008 gerðu félagar úr klúbbnum strandhögg í nágrenni höfuðborgar Kyrgyzstan, Bishkek. Þeir flugu þar um eins og herforingjar í orðsins fyllstu merkingu þar sem fararskjótinn var gömul Mil Mi-8, sem var búið að kippa byssunum af fyrir drengina. Flugmennirnir ekki af verra taginu, 3 rússneskir í camó búningum, þyrlan öll í felulitum og skartaði stórra rauðri stjórn. Plássleysi er ekki vandamál þarna austurfrá því inn fóru 16 skíðamenn, 3 leiðsögumenn, 3 flugmenn, bensíntankur og tunnugrill. Skíðað var í West Karakol fíallgarðinum og skíðað upp í allt að 4.000 metra hæð. Óhætt að mæla með svona ferðum en þó er mikilvægt að velja trausta ferðaskrifstofu. Ísalparar voru Hallgrímur Magnússon, Stefán Karl, Hlynur Stefánsson, Stefán Örn Kristjánsson, Sveinn Fr. Sveinsson (Sissi), Sigurður Skarphéðinsson, Tómas Júlíusson.

SV-LAND

ÍSKLIFUR OG FJALLAMENNNSKA

Eilífsdalur

Pilið var heimsótt í mars 2007 og var það fyrsta heimsóknin þangað í nokkur ár. Þar voru á ferð Róbert Halldórsson og Skarphéðinn Halldórsson. Upp kom sú óvenjulega staða að annað teymi stefndi í leiðina sama daginn, en þeir freistuðu þess að keyra inn dalinn, festu bílinn á ísskörum í ánni og komust ekki lengra. Þetta voru þeir Viðar Helgason, Ingvar Á Pórísson og Haukur Elvar Hafsteinsson. Haukur yfirgaf sökkvandi skip og fór með fyrra teymini í Pilið á meðan hinir mokuðu skrjóðinn upp. Heyrir það til tíðinda að kappblaupré um ísklifurleiðir hér á landi.

Guðjón Snaer, Guðlaugur Ingi og Sigurður Tómas skakklöppuðust einnig upp Pilið í desember sama ár.

Í Múlfjalli var boltum bætt í klettinn í fyrsta skipti í mörg herrans ár. Fóru þeir í leið hægra megin við Pabbaleiðina og gera hana leiðsluhæfa í annars mjög þunnum aðstæðum. Því miður hefur sú leið ekkert skrásett nafn, eins og reyndar margar leiðir í Múlfjalli.

VESTURLAND

ÍSKLIFUR OG FJALLAMENNNSKA

Skarðsheiði

Páll Sveinsson og Guðjón Snaer Steindórsson skelltu sér í Austurgróf Skessuhorns þann 15. mars 2007. Var ísinn í þynnra lagi en leiðin vel klifranleg. Skarphéðinn, Sigurður Tómas og Guðlaugur Ingi fleygðu sér upp leiðina daginn eftir við mikla ánægju.

Þau tíðindi urðu þann 12. apríl 2008 að Sigurður Tómas og Róbert Halldórsson endurtóku „norðurveggina þrjá“ í Skarðsheiði en þeir eru NV-veggir Skessuhorns og Heiðarhorns auk N-veggjar Skarðshorns. Tók ferðin 13 tíma bíl-í-bíl en aðstæður í veggjunum voru góðar en göngufærri milli leiðanna síðra. Veggirnir þrír voru fyrst farnir af Páli Sveinsyni og Guðmundi Helga Christensen í mars 1993.

Húsafell

Guðmundur Freyr Jónsson, Arnar Jónsson og Óðinn Árnason brugðu sér bæjarleið upp í Húsafell í Borgarfirði í leit að ferskum ís. Fundu þeir hann í Teitsgili en þar er efni í fjölmargar 20-50m langar leiðir af öllum erfiðleikum. Ein ný leið var farin í gilinu.

Andarspönnin - WI4, 45m. 17. jan '07. Guðmundur, Arnar, Óðinn.

NORÐURLAND

ÍSKLIFUR OG FJALLAMENNNSKA

Svarfaðardalur

Jókull Bergmann og Friðjón Þórleifsson fóru nýja leið á N-smetti Búrfellshyrnu í Svarfaðardal. Ber leiðin nafnið Ýmir og fær gráðuna III, AI2, M3 og er um 650m. Liggur hún milli leiðanna Wanker's Syndrome og Ósk Norðfjörð. Auðvelt snjóbrölt fyrstu 200m að 20m klettahafti sem að öllum líkindum fyllist af ís í góðu ári. Þetta haft er samsíða lengsta haftinu í Ósk Norðfjörð sem er mjög áberandi á hægri hönd. Áfram er halddið upp aðeins brattara snjó/ís gil um 150m. Stutt kletta/mosa haft er klifið uppá hrygginn sem aðskilur Rúnkarara-heilkennið og Ósk Norðfjörð. Þar tekur við um 200m labb/brölt þar til hryggurinn mjókkar í auðvelt klettarif sem er klifrað alla leið uppá topp ca. 100m. Heildarlengd leiðarinnar er um 650m og er hún nákvæmlega jafn löng og Ósk Norðfjörð en um 50m styttri en Rúnkarinn. Leiðin heitir eftir Tómasi Ými Óskarssyni 1984-2006. Sjá annars yfirlitsmynd af Hyrnunni í ársriti 2003-2006.

Kaldakinn

Kaldakinn við Skjálfsanda hefur stimplað sig inn sem ísklifursvæði á heimsmælikvarða.

Ísklifurfestival Ísalp var halddi í Kaldakinn í febrúar 2007. Um 20 ísunnendur mættu á staðinn og nutu frábærra ísveiga úr norðlenskri sveitasælu. Meðal gesta á hátiðinni var stjörnum prýddur hópur á vegum hins austurríksa Albert Leichtfried. Með Albert voru fyrrum heimsmeistari í mixklifri, Ines Papert frá Þýskalandi, Audrey Gariepy frá Kanada og Markus Bendler einnig frá Austurríki. Með í för var ljósmyndari sem myndaði hópinn við hvert fótumál. Héldu þau m.a. myndasýningu frá afreksferðum um viða veröld, m.a. til Andesfjalla og Noregs.

Ferð þeirra var upphaflega skipulögð af hinum fræga Harold Berger, klifurfélaga þeirra, sem lést í ísklifurslysi nokkrum mánuðum fyrir Íslandsförlina. Túrin varð því að eins konar „tribute“ ferð honum til heiðurs. Hópurinn fór viða um land að klifra, fyrir og eftir Kinnina, m.a. Haukadal, Hengifoss á Héraði, Berufjörð, Breiðdal og viðar.

Snjóflóð fell niður leiðina Íssól á laugardeginum. Til allrar lukku voru engir klifrarar staddir í leiðinni á þeim tíma en 2 eða 3 teymi voru í leiðinni deginum áður. Það er því ítregað að halda sig fjarri Íssól (og öðrum leiðum á Rennu-svæðinu) ef fannfergi og/eða skafrenningur hefur látið á sér kræla.

Útilif lánaði stóra grunnbúðatjaldið og var boðið upp á hressandi kjötsúpu og mjöð í boði Cintamani um miðjan laugardaginn og vakti það mikla lukku.

Fjöldi nýrra leiða var farinn á festivalinu:

Captain Hook - M9+, 2 spannir. Albert og Markus.

Wish you were here - WI6+. Ines og Audrey.

Flowers and puffins - WI 6. Ines og Audrey.

Swimming in the burning soup - WI6. Ines og Audrey.

Graðgi. WI5, 70m. Róbert H, Sigurður Tómas og Einar R Sigurðsson.

Hlæjandi fýlar - WI4-, 160m. Arnar Emilsson, Berglind Aðalsteinsdóttir, Demian A Schane.

...und der Heilige Geist - WI3+, 50m. Stefán Örn Kristjánsson og Sveinn Friðrik Sveinsson.

Vater und Sohn... - WI3, 70m. Andri Bjarnason, Haraldur Guðmundsson og Sigurður Skarphéðinsson.

Meyjarhaftið - WI4+, 30m. Arnar Jónsson, Guðmundur Freyr Jónsson.

Dramb - WI5, 100m. Sigurður, Róbert, Einar.

Tölувert af línum voru farnar í sjávarklettunum (kringum Glassúr) en eitthvað er á reiki hvað hefur verið farið þar í fyrri tíð og hvaða nöfnum leiðir heita. Reynt var að setja gáfuleg nöfn og frumfarendur á helstu „nýju línurnar“.

Íssól - WI4-, 170m. Jökull Bergmann og Arnar Emilsson. 12. jan 2007. Nyrsta leiðin í „rennu“ svæðinu.

Í febrúar 2008 mættu í Kinnina bresku klifrararnir Neil Gresham og Ian Parnell ásamt Spánverjanum Ramon Marin og kvíkmyndagerðamanninum Alastair Lee fra Posingsproductions.com. Náðu þeir nokkrum góðum klifurdögum og fóru eina nýja leið sem þeir nefndu Mr. Freeze, WI6.

Fjöldi nýrra leiða var einnig farinn í Kinninni kringum pásku 2008:

Knúsumst um stund - WI4+, 80m.


Berglind, Arnar og Sigurður Tómas.

Öfund - WI5-, 90m. Sigurður Tómas og Guðlaugur Ingí.

Synir hafssins - WI4+, 40m. Sigurður Tómas og Guðlaugur Ingí.


Í votri gröf - WI4+, 35m. Sigurður Tómas og Guðlaugur Ingí.

Öskubuska - WI4, 100m. Berglind og Helga Björkt Möller.




Hialti Rafn sýnir ungviðinu handbrögðin við griótgílmuna. Kristó og Elmar stara hugfangnir á.

Mynd: Guðmundur Tómasson



Róbert Halldórsson í Dreyra í Skarðsheiði í ferðinni á „norðurveggina þriá“.

Mynd: Sigurður Tómas Þórisson



NV-hryggur Hraundranga í Öxndal.

Mynd: Jökull Bergmann

Nánari lýsingar á öllum leiðum er að finna í nýjum leiðarvísi að Kaldakinn framar í blaðinu.

Hraundrangi

NV-hryggur Hraundranga var klifinn 15. mars 2007 af ekki ómerkari mönnum en Steve House, Jöklí Bergmann, Frey Inga Björnssyni og Jóni Heiðari Andréssyni. Fær leiðin gráðuna D+, M5 og er um 350m að lengd. Aðkoma er frá Staðarbakka eins og fyrir standard klifurleiðina.

Fyrstu þrjár spannirnar (150m) klifra upp miðjuna á 150m breiðu klettabelti M3-M4. Margar mis erfðar útfærslur eru á þessum hluta leiðarinnar en reynt var að fylgja augljósustu og falgustu línunni. Næst tekur við brölt/labb upp fallaegan hrygg (100m) þar til klifrið hefst á ný. 60m létt mosa spönn endar í klauf á hryggnum fyrir neðan sjálfan megin dranginn. Næst er 50m 70-80° mosa spönn sem endar á syllu fyrir neðan erfðasta kletta haftið. Sjötta og síðasta spönnin er jafnframt sú erfðasta. Hún skiptist í two hluta, 25m M5 krefjandi klifur og svo 20m af léttara klifri alla leið á toppinn. Það eru 2 fixaðir fleygar í síðustu spönninni.

Útbúnaður: 1 vinasett, 1 hnetu sett, 5 fleygar (blað-lost arrow), 1-2 vörtusvín eða snarg, 10 tvistar mislangir.

AUSTURLAND

Marry me - WI 6+, 120m. Albert Leichtfried & Markus Bendler. Leiðin liggur upp Hengifoss á Héraði. Skýringin á nafngiftinni felst í því að Albert bað unnstu sinnar þegar hann hafði lokið við leiðina. Hún sagði já.



Kátili kallar á Dranganum: Freyr Ingi, Jökull, Jón Heiðar og Steve House.

Mynd: Jökull Bergmann

Zoe Harisdóttir - WI 4, 30m. Albert & Markus. Leiðin er nefnd eftir nýfæddri dóttur Haris Berger.

Breiðdalur

Einar Öræfingur hefur trúlega verið einna fyrstur til að klifra í Breiðdal á sunnanverðum Austfjördum, allavega sá fyrsti sem kemst á skrá fyrir það. Það kvisaðist fljótlega út að þar væri urmul 1 af óklifruðum ísleiðum að finna og eftir veturninn 2007-2008 hafa hátt í fjórða tug leiða verið færðar til bókar.

Ísklifurfestival var haldið í Breiðdal 22.-24. febrúar 2008. Var stórt og glæsilegt veiðihús í dalnum tekið á leigu og miðið sett á þau fjölmörgu ísþil sem prýda svæðið. Mættu 17 manns í húsið auk fjögurra sem gisti annars staðar, samtals 21 klifarári.

Fjöldi nýrra leiða var frumfarinn þessa helgi, frá WI3 upp í M7. Talið frá austri til vesturs.

Partybær - WI4, 150m. Í áberandi Y-laga gili í klettaþili (Núpsklettum) miðja leið inn að Flögugili. Ágúst Þór Gunnlaugsson og Daði Snær Skúlason.

Tröllhamrar:

Vegur viskunnar - WI4+, 110m. Páll Sveinsson og Guðjón Snær Steindórsson.

Launaþrællinn - WI4+, 80m. Sigurður Tómas og Róbert Halldórsson.

Stálin stinn - M6, WI5, 100m. Róbert og Sigurður Tómas.

Svartur Afgan - WI5, 80m. Sigurður Tómas og Róbert.

Gredda nærri banvæn - WI4+, 90m. Skarphéðinn og Guðlaugur Ingi.

Ónefnd - WI5. Daniel Guðmundsson, Trausti Ingvarsson, Ásbjörn Hagalín.

Gerðist snemma þaulkunnugur gatinu - WI5, 90m. Skarphéðinn og Guðlaugur Ingi.

Flagð undir fögru skinni - WI3, 60m. Ágúst, Daði, Smári Stefánsson.

Flögugil:

Litlir sætir strákar - WI3, 15m. Skarphéðinn, Guðlaugur Ingi og Smári.

Allir mínir sjúku órar - WI3+, 17m. Skarphéðinn, Guðlaugur Ingi og Smári.

Leiðsluboltinn - M5/WI5, 20m. Róbert, Sigurður Tómas (2 boltar).

Byrja hér - WI5, 25m. Páll og Guðjón (4 boltar).

Krókódílamaðurinn - M5/6, W I4+, 30m. Róbert, Sigurður Tómas (4 boltar).

Drög að sjálfsmorði - M7, WI5, 35m. Sigurður Tómas, Róbert (5 boltar).

Chocolat Chaud M10, 40m. Ines Papert, Audrey Gariepy. Frumfarin í febrúar 2007.

Pálsklettar:

Hreindýrafoss - WI3, 80m. Einar Rúnar Sigurðsson, Peter McFadyen og Richard Edkins, des 2007

Lengi er von - WI4, 60m. Páll og Guðjón.

Spindrift dauðans - WI4, 60m. Páll og Guðjón.

Ókeypis er allt það sem er best - WI4, 60m. Skarphéðinn, Guðlaugur Ingi og Smári.

Nóttin hefur augu eins og fluga - WI4+, 60m. Skarphéðinn, Guðlaugur Ingi og Smári.

Ónefnd, Bragi Freyr Gunnarsson og Halldór Albertsson.

Fyrir fallið - WI4. Ásgeir og Örvar Dóri.

Ónefnd Trausti, Ásbjörn og Daniel

Ónefnd, Kári Jóhann Sævarsson, Bernd Kolb og félagar. Nánar er fjallað um Breiðdalinn í grein eftir Sigurð Tómas framar í ritinu. Til stendur að gera bráðabirgða leiðarvísi að svæðinu aðgengilegan á ísalp.is fyrir veturninn.

Á leið a Ísfestival í Breiðdal rak ritnefnd augun í ísklifurmöguleikana í Berufirði en hann er glæsilegur fjörður sem krýndur er af hinum hrikalega Búlandstindi. Þar er að finna þrjú megin klifursvæði:

Búlandstindur.

Alpaklifur galore. 600-800m alpaklifurleiðir upp á

þennan 1.069m tind. Einnig fjöldi alpa- og íslína á toppana í kring, s.s. í Hvítárdal. Lítið eða ekkert verið klifrað þarna.

Hvítárvíkurklettar.

Í sunnanverðum firðinum ofan Hvítárvíkur er þetta svæði með mikinn fjölda lengri og styttri leiða (20-150m). Ekki hefur verið klifrað á þessu svæði enn en möguleikar eru á 10-20 leiðum hið minnsta.

Fossáfell.

Innst í firðinum er breitt hamraþil með fjölda ísleiða. Albert Leichfried og Markus Bendler klifruðu þrjár leiðir þar í feb 07, „Albatros“, „Sundlaug“ og „Superbelly“ frá WI4+ upp í WI5+. Efni í 10-20 leiðir frá 20-100m.

SA-LAND

ÍSKLIFUR OG FJALLAMENNNSKA

Eins og svo oft áður er það Einar Rúnar Sigurðsson sem er hvað duglegastur við að skrá nýjar leiðir á suð-austur horninu.

Kvísker í Öræfum

Tvær nýjar leiðir voru klifraðar hér í mars 2007

Ríkharður Ljónshjarta - WI 3, 70m. Innst í Bæjargili, vinstra megin við meginfossin í gilinu. Best er að ganga upp á hólinn bagvið bæinn og þaðan niður í gilið nálægt leiðinni. Einar Rúnar Sigurðsson og Richard Edkins.

Because it's there! - WI 3, 12m. Leiðin er staðsett eftir í Pvergili, í um 500m hæð. Var klifruð sem sárabót þegar stærri leiðir í nágrenninu voru ekki aðstæðum. Einar Rúnar Sigurðsson og Richard Edkins.

Skaftefell í Öræfum

Þrjú kúbik (Three cc) - WI 3, 55m. Laurent Jegu, Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir og Einar Rúnar Sigurðsson. Pessi leið er þriðja leiðin við göngustíginn að Skaftafellsjökul, c.a. 100-200m austan við leiðina „Beta“. Frekar léttir 3. gráðu stallar í fallegu umhverfi Eins og í fleiri leiðum í Skaftafelli er hægt að gera megintryggingar af birkitrjám fyrir ofan leiðina.

Staðarfjall í Öræfum

The First Lady - WI 3, 15+45m. Staðarfjall er í landi Hnappavalla, austan við Hólárjökul og vestan við Kviárjökul. Leiðin er áberandi neðsta leiðin í fjallinu, í stuttu göngufæri. Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir og Einar Rúnar Sigurðsson.

Pórólfsárgljúfur í Fljótshlíð

Þann 21. janúar fóru nokkrir Ísalparar í ísleiðangur í Þórólfsárgljúfur í Fljótshlíð. Um er að ræða gil/gljúfur sem er skammt innan við innsta bæinn í Fljótshlíð, Fljótsdal. Gengið er inn gilið nokkur hundruð metra. Þá opnast lítið hliðargil á vinstri hönd þar sem sést í leiðirnar. Gengið upp brekku nokkra tugi metra.

Álið er málid! - WI4/4+. Klifrið hefst á þægilegu hafti upp á eiltínn stall. Því næst tekur við allbrattur kafli sem leiðinlegt er að tryggja, upp á annan og minni stall. Þá tekur við síðasti bratti kaflinn, með einkennilegi hreyfingu upp úr hinum eiginlega ís fossi. Lokakafli er mosa/gras/grjótpól upp úr leiðinni. Stefán Örn Kristjánsson, Hlynur Stefáns-son, Árni Þór Lárusson, Sveinn Friðrik Sveinsson, Freyr Ingi Björnsson.

Eyjafjöll

Eina P6 leið landsins (skv. súrrealísku ísgráðukerfi kenndu við Pál Sveinsson) var endurtekin í byrjun febrúar 2008. Er þar um að ræða leiðina Bjarta hliðin sem Páll Sveinsson og einhver huldumaður frumfóru fyrir margt löngu síðan. Það voru Róbert Halldórsson og Sigurður Tómas sem tosuðust upp þetta 120m ísskronster.

Hvítárgljúfur

Freyr Ingi, Erlendur Þór, Ragnar Þór og Thorsten Henn klifruðu tvær nýjar ísleiðir í Hvítárgljúfri í apríl 2008. Leiðirnar eru norðan og austan við Brúarhláðabrunna í Hvítárgljúfri. Til að komast að þeim er gengið uppb 350m frá sumarbústaðnum sem þar er niður með ánni og fram á brún. Af brúninni er tryggt í tré, sigið niður og klifið upp.

Á heimavelli - WI 3/4. Leiðin er 25m langur stallaður ís foss.

Axir við ána - WI 4/5. Falleg, stutt og strembin leið.

Eitt merkasta afrek undangenginna ára í íslenskri fjallamennsku er 100 tinda verkefni Þorvaldar Þórssonar, Olla. Setti hann sér það markmið að ganga á 100 hæstu tinda landsins á fimmtugsfá-mælisári sínu. Verkefnið hófs á nýjársdag 2007 og endaði með Heklugöngu þann 13. október. Hægt er að gera sér í hugarlund hversu krefjandi þetta verkefni var með því að glugga í grein Olla framar í blaðinu.

Slys eru sem betur fer fátíð meðal íslenskra ís-



Ísklifur í Múlafjalli. Róbert klifrar íste (WI5), Freysi formaður tryggir.

Mynd: Guðmundur Tómasson

klifrara. Þann 29. mars 2008 varð þó frekar alvarlegt slys í leiðinni Stíganda í Múlafjalli. Þar voru á ferðinni þeir Þórður Bergsson og Ólafur Magnússon, báðir með talsverða ísklifur reynslu. Eftir að hafði leitt fyrsta bratta haftið í leiðinni áfallalaust tók Ólafur til við leiðsluna á lengsta hafti leiðarinnar. Mikill ís var í leiðinni þannig að þykkir stallar höfðu myndast neðst í henni. Ólafur klifraði upp á stallana og setti inn fyrstu skrúfunu. Eftir um tveggja metra bratt klifur setti hann inn aðra skrúfu. Skömmu eftir að hann var kominn upp-fyrir þá skrúfu fór hann að huga að því að koma þeirri þriðju inn. Í því hrukku báðar axir úr ísnum í einu og hann felli niður u.p.b. fjóra metra og lenti með báða fætur flata á efsta stallinum. Þeim félögum varð strax ljóst að Ólafur hafði slasast í fallinu þar sem hann gat ekki stigið í hægri fótinn. Þórður slakaði Ólafi niður haftið sem þeir höfðu þegar klifrað og hringdi í félaga þeirra í Flugbjörgunnarsveit Reykjavíkur sem komu til móts við þá og fluttu Ólaf á Slysavarðsstofuna. Þar kom í ljós að hann hafði brotnað á báðum öklum og hafði annar óklinn brotnað talsvert illa.

Í kjölfarið var Ólafur í gifsi á vinstri fæti í 5 vikur og á þeim hægri í 14 vikur. Næstu mánuði gekk hann við hækjur. Þegar þetta rit fór í prentun var hann laus við hækjurnar en hafði ennþá takmark-aðan styrk og hreyfigetu í hægri fæti.



Siggi holdvotur en einbeittur í Björtu hliðinni
Mynd: Róbert Halldórsson

Skýringin á því að báðar axirnar losnuðu í einu er líklega sú að þær voru of nálægt hvorri annari í ísnum. Þegar önnur þeirra var losuð sprakk ísinn út frá henni þannig að hin öxin losnaði líka. Þetta undirstrikar nauðsyn þess að huga vel að fjarlægð milli axa þegar klifrað er, sérstaklega í stökkum ís. Einnig minnir þetta okkur á alvarleika þess að leiða ísklifur. Fall, þó að það sé ekki langt, getur haft gríðarlega alvarlegar afleiðingar. Að sjálfsögðu óskum við í ritnefð Ólafi góðs bata með tímanum og vonumst til að sjá hann með axir í höndum þegar fram líða stundir.

KLETTAKLIFUR

Hnappavellir

Klettaklifurfestival var haldið á Hnappavöllum um Hvítasunnuhelgina. 20-30 klifrarar mættu á staðinn og var almenn ánægja með helgina þrátt fyrir að skipst hafi á skin og skúrir.

Kept var í kílómetraklifri, þ.e. sá sem fór flesta hæðarmetra á einum degi og sigraði Björgvin Hilmarsson þá keppni með 88m í 7 leiðum.

Róbert Halldórsson sigraði í hraðaklifri en þar var leiðin Páskaliljur (5.6) klifruð í ofanvaði á tíma. Róbert snaraði sér upp leiðina á svo mikið sem 28sek og geri aðrir betur. Klifurhúsið gaf verðlaun í báðum keppnum.

Elmar Gunnarsson rauðpunktadí Sláturhúsið (5.13b eða 8a) og var þar með fjórði (á eftir Bjössa, Hjalta og Valda) til að banka á dyr slátrarans.

Að Völlunum voru settar upp fjölmargar nýjar leiðir á árinu:

Gimluklettur:

From Brussels with love - 5.12c. Valdimar Björnsen og Hrappur Magnússon



Gömlu refirnir Snævarr, Palli Sveins og Guðjón Snær við Salthöfðaneft.

Mynd: Jón Viðar Sigurðsson

Zeus er ekki til - 5.13b. Hjalti Rafn Guðmundsson.

Sundlaugaparty - 5.12a. Gömul dótaleið sem Björn Baldurs. og Stefán Smáason fóru fyrstir í 2 spönum fyrir löngu síðan.

Auk þessara eru 7 leiðir í erfiðari kantinum í vinnslu.

Miðskjól:

Lubríkantur - 5.11b ?. Róbert Halldórsson. Vinstra megin við Gjaldþrot og Steintak.

Porgilsrétt:

Litli svartí Sambo - 5.6. Elmar Orri. Milli Í kapp við regnið og Góð byrjun.

Plútó - 5.12c. Elmar Orri. Vinstra megin við Kokteil. Búlderprobbi í byrjun.

Ölduból:

Hráki - 5.11b. Róbert Halldórsson. Hægra megin við Skítaleiðina.

Miklagljúfur - 5.11a. Stefán S Smáason og Elmar Orri Gunnarsson. Milli Bergmáls og Norpað í nepjunni.

Vatnsból:

Draumaland - 5.13a. Elmar Orri. Hægra megin við Limbó, upp stóra þakið.

Salthöfði:

Myrkrahöfðinginn - 5.11a. Stefán Smáason. Hægra megin við Saltstöngul við enda vegarins í Salthöfða, á Salthöfðanefti.

Pabbi, kúkur - 5.10c. Stefán Smáason. Á Salthöfðanefti milli Salstönguls og Myrkrahöfðingjans. Einnig var tölувert endurboltað og skipt um nokkur toppakkeri að vanda.



Sumarstemning við Salthöfðanef á Hnappavöllum.

Mynd: Jón Viðar Sigurðsson.

Á vordögum var gefinn út glæsilegur leiðarvísir að Hnappavöllum og er hann kærkominn því um helmingur leiðanna er ekki á upphaflega vísinum. Eiga Jón Viðar Sigurðsson og Stefán Smárason heiðurinn af útgáfunni.

Munkaþverá

Tvær leiðir voru endur- og umboltaðar sumarið 2007. *Flóskuháls* (5.10d) var endurboltaður og *Kaldur sviti* (5.11a) var allur boltaður en áður var bara einn bolti á sléttasta fletinum.

GRJÓTGLÍMA

Mikið var glimt við grjót þetta sumarið, þá einna helst á Hnappavöllum og við Vestrahorn. Grjótglímuleiðarvísir að Hnappavöllum ku vera í bígerð en það mun vera all flókin smíð því fjöldi probba er orðinn mikill og þeir dreifðir um allt svæðið.

Í Jósefsdal var byrjað í klöngrast í grettistökum í hlíðinni ofan við Jósef Stalín (stóra steininn við veginn).

Tvö ný boulder svæði litu dagsins ljós í Hafnarfirði, í Setbergi og við Strandgötu (hjá Fjörurkránni).

ÍSLANDSMÓT Í GRJÓTGLÍMU 2006- 2007

Strákar 16 ára og eldri:

1. sæti: Kristján Þór Björnsson
2. sæti: Valdimar Björnsson
3. sæti: Kjartan Björn Björnsson

Stelpur 16 ára og eldri

1. sæti: Katrín Hrund Eyþórðóttir
 2. sæti: Vilborg Hlöðversdóttir
 3. sæti: Hrefna Halldórsdóttir
- Flest stig: Marianne Van Der Steen

Strákar 13-15 ára og yngri

1. sæti: Kjartan Jónsson
2. sæti: Andri Már Ómarsson
3. sæti: Helgi Ólafsson

Stelpur 12 ára og yngri

1. sæti: Edda Björk Ágústsóttir
2. sæti: Arna Rún

Strákar 12 ára og yngri

1. sæti: Guðmundur Hafsteinsson
2. sæti: Þór Jensson
3. sæti: Smári Steinar Stefánsson

LJÓSMYNDASAMKEPPNI

UNDANFARNA TWO VETUR hefur Ísalp staðið fyrir ljósmyndasamkeppni seinni part vetrar við góðan orðstír. Í fyrra var keppninni skipt í two flokka, **Ísklifur** og **Mannlíf á fjöllum**. Í ár var floknum **Skiði** bætt við. Sigurvegarar voru tilkynntir í hléi fyrrí sýningardag Banff kvíkmyndahátiðarinnar. Fjallakofinn gaf myndarleg verðlaun bæði árin.


MANNLÍF Á FJÖLLUM 2007



DÍSA sæta!

GUÐLAUGUR INGI GUÐLAUGSSON

ÍSKLIFUR 2007



Überjaxlarnir austurísku Albert Leichtfried og Markus Bendler í Stekkjastaur (WI5/5+) í Kaldakinn

GUÐMUNDUR FREYR JÓNSSON

ÍSKLIFUR 2008



Robbi og Siggi Tommi í Drög að sjálfsmorði (M7) á Ísklifurfestivali 2008 í Breiðdal

GUÐMUNDUR TÓMASSON

SKIDI 2008



Arnar Þór Emilsson skíðar í Sölden í Austurríki

BERGLIND ÁDALSTEINSDÓTTIR

MANNLÍF Á FJÖLLUM 2008



Guðlaugur Ingi pústar á leiðinni að ísklifurleiðum í Eilífsdal.

BJÖRGVIN HILMARSSON



CINTAMANI
CENTER
LAUGAVEGIRI

JETBOIL

SCARPA

TEVA

SMITH

Black Diamond

Góli sker franskt þúður á 18.aldarskiðum.

SÍMI: 517 8088 | WWW.CINTAMANI.IS